

2. mál Tillaga borgarstjóra að ferðamálastefnu Reykjavíkur sbr. 28. lið fundargerðar borgarráðs frá 28. apríl

Borgarstjóri Jón Gnarr: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Um nokkurt skeið þá hefur verið unnið mjög ötullega að gerð ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar. Mikill fjöldi fólks hefur komið að þessari vinnu og um, ja, hundruð manns satt best að segja og vil ég nota þetta tækifæri og þakka öllum sem að tekið hafa þátt í þessari vinnu. Hér á eftir mun borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson fara betur yfir inntak ferðamálastefnunnar en ég ætla að bera hérna upp tillögu að útfærslu einstakra þátta ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar. Tillaga:

Borgarstjórn samþykkir að fela sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs að hefja undirbúning að útfærslu og framkvæmd eftirfarandi forgangsaðgerða ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar:

1. Samstarfsverkefni til þriggja ára um vöruþróun og nýsköpun í ferðaþjónustu í Reykjavík. Á sviði vöruþróunar verði einnig litið til möguleika á því að gera Þríhnúkagíg á Reykjanesi að aðgengilegum ferðamannastað á heimsmælikvarða.
2. Stofnun borgarhátíðasjóðs sem hafi það að markmiði að efla viðburðadagatal Reykjavíkur, styrkja rekstrargrundvöll og auka kynningargildi valdra árvissra viðburða fyrir ferðaþjónustu í Reykjavík.
3. Samstarfsverkefni til þriggja ára um víðtæka kynningu á Reykjavík sem aðlaðandi áfangastaðar utan háannatíma.
4. Samstarfsverkefni um að styrkja Reykjavík í sessi sem eftirsóttá ráðstefnuborg og vettvang alþjóðlegra viðburða.

Við útfærslu á framkvæmd aðgerðanna skal leggja áherslu á að koma á víðtæku samstarfi við helstu hagsmunaaðila á hverju sviði og horfa að lágmarki til þriggja ára samstarfs. Jafnframt er það markmið Reykjavíkurborgar að framlag borgarsjóðs í hvert verkefni verði að lágmarki tvöfaldað með framlögum samstarfsaðila.

Tillögur sviðsstjóra um útfærslu, framkvæmd og fjármögnun ofangreindra forgangsaðgerða ferðamálastefnu Reykjavíkur verði lagðar fram til umfjöllunar borgarráðs svo fljótt sem auðið er.

Tillögunni fylgir greinargerð og eins og áður sagði mun borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson fara yfir helstu þætti hennar í máli sínu á eftir. Svo þakka ég fyrir.

Forseti: Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu. Beðið hefur um orðið borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson.

2. mál Tillaga borgarstjóra að ferðamálastefnu Reykjavíkur sbr. 28. lið

fundargerðar borgarráðs frá 28. apríl

Einar Örn Benediktsson: Ágæti forseti, kæra borgarstjórn og íbúar Reykjavíkur. Ég stend hérna í dag og kynni ferðamálastefnu Reykjavíkur til ársins 2020. Þetta er metnaðarfull stefna, sem í grunninn leggur áherslu á að Reykjavík verði eftirsóttur áfangastaður ferðamanna allt árið um kring og með því verði rennt styrkari stoðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf í borginni. Markviss uppbygging innviða ferðamannaborgarinnar og samræmt kynningarstarf leiði til þess að Reykjavík eflist til muna sem vettvangur ráðstefna og alþjóðlegra viðburða og verði þekkt og virt sem áhugaverð menningarborg í nábýli við einstæða náttúru. Heilsuferðaþjónusta verði jafnframt ein af meginstoðunum þar sem nýting hreinnar orku, heita vatnsins og fyrsta flokks aðstöðu undirstriki sérstöðu Reykjavíkur. Þarna viljum við vera árið 2020.

Ferðaþjónusta skiptir máli. Hún skiptir ekki eingöngu fyrirtæki í ferðaþjónustu máli, heldur er sá hópur erlendra ferðamanna sem nú sækir Ísland heim og telur hálf milljón manns á ári, gríðarlega mikilvægur fyrir lífið í borginni. Ferðamenn sem hér dvelja á hótelum, snæða á veitingahúsum og nýta sér menningu og afþreyingu í borginni eru með því að skapa rekstargrundvöll fyrir þessa þjónustu. Reykjavík yrði í margföldum skilningi snauðari ef gestir hættu að sækja hana heim.

Frá því að síðasta ferðamálastefna Reykjavíkurborgar var samþykkt árið 2004 hefur margt breyst í umhverfi og innviðum íslenskrar ferðaþjónustu. Fyrirtækjum hefur fjölgun, afar miklar breytingar hafa orðið á tíðni flugs með aukinni samkeppni, fjölgum áfangastaða og þar með opnun nýrra markaða. Afþreying er orðin fjölbreyttari, markaðsmál ferðaþjónustunnar eru nú komin í sameiginlegan farveg með kynningarstarfi annarra útflutningsgreina á vettvangi Íslandsstofu og öflugar menningarstofnanir hafa bæst í þá auðugu flóru sem prýðir borgina, nú síðast Harpa sem á eftir að skipta sköpum, bæði í menningarlegu tilliti og hvað varðar ráðstefnuaðstöðu. Hrein og klár góð viðbót.

Á umliðnum árum hafa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu haft með sér samstarf um kynningu og upplýsingamiðlun fyrir erlenda ferðamenn og samráð um viðburði. Þegar horft er til framtíðar er ljóst að þetta samstarf þarf að vera mun

öflugra; ná til fleiri þátta áfangastaðanna og mun meiri kraft þyrfti að leggja í aðkomu sveitarfélaganna.

Segja má að ferðaþjónustan hafi á síðustu árum loks komist í flokk undirstöðuatvinnugreina landsins. Á tíunda þúsund manns starfaði við ferðaþjónustu árið 2008 og er hlutur hennar í landsframleiðslu var hann þá 4,6%. Gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum árið 2009 voru 155 milljarðar en árið 2010 komu 495.000 ferðamenn til landsins að auki um 70.000 dagsferðamenn með skemmtiferðaskipum.

Áframhaldandi uppbygging ferðaþjónustu í Reykjavík byggir á þremur grunnforsendum: góðum innviðum, skapandi vöruþróun og markvissri kynningu og markaðssetningu. Þróun á afþreyingu og tækifærum til upplifunar í öllu hugsanlegu formi er verkefni sem Reykjavíkurborg getur beitt sér fyrir í samvinnu við ferðaþjónustuna og skapandi greinar. Sterk vöruþróun er vísasta uppskriftin að góðri langtímaþróun áfangastaðarins. Vöruþróun sem er studd með markvissu kynningarstarfi – með sérstakri áherslu á ráðstefnuborgina, menningu og heimsóknir utan háannatíma, og skýrri forgangsöröðun í þágu gæða og grænna gilda, er sá grunnur sem Reykjavíkurborg beitir sér nú fyrir.

Ferðamálastefna Reykjavíkurborgar 2011-2020 snertir starfsemi á mun fleiri sviðum Reykjavíkurborgar en aðeins á menningar- og ferðamálasviði. Eins og fram kemur í aðgerðaáætlun stefnunnar, sem að ég kynni aðeins á eftir, er nauðsynlegt að svið á borð við skipulags- og byggingarsvið, íþrótt- og tólmstundasvið, umhverfis- og samgöngusvið og framkvæmda- og eignasvið taki þátt í útfærslu leiða og komi að framkvæmd stefnunnar til þess að markmið hennar nái fram að ganga. Ýmis verkefni kalla á sérstaka fjármögnun úr borgarsjóði og/eða að viðeigandi svið geri ráð fyrir framkvæmd þeirra í starfs- og fjárhagsáætlunum sínum.

Ferðamálastefnan nær yfir áratug og nauðsynlegt verður að taka stöðu hennar nokkrum sinnum á því tímabili, því ógjörningur er að ráðast samtímis í öll verkefni sem hún leggur upp. Í ljósi þessa fylgja stefnunni tillögur að 15 forgangsverkefnum sem eru grundvöllur þess að meginmarkmið hennar náist og framtíðarsýn fyrir ferðamannaborgina 2020 verði að veruleika.

En kíkjum aðeins á Reykjavík, staða ferðamannaborgarinnar 2011. Reykjavík hefur unnið að því að verða þekkt sem borg sem vert er að heimsækja árið um kring. Reykjavík er gáttin að Íslandi og á einstök sóknarfæri í íslenskri náttúru í bland við áhugavert framboð af menningar- og heilsutengdri ferðaþjónustu. Reykjavík er eitt sterkasta vörumerki Íslands sem áfangastaðar og hefur mikla þýðingu fyrir aukinn fjölda ferðamanna á lágönn. Mikilvægt er að þessi staða Reykjavíkur endurspeglist í áherslum Íslandsstofu í kynningarstarfi hennar á erlendum mörkuðum.

Það er hins vegar áhyggjuefni að fjölgun ferðamanna hefur ekki leitt til ásættanlegrar nýtingar stærri hótela í Reykjavík og langt er í land með að borgin verði þekkt sem áhugaverð ráðstefnuborg og vettvangur alþjóðlegra viðburða. Þetta er sérstaklega bagalegt í ljósi þeirrar fjárfestingar sem liggur í Hörpu og ríkir hagsmunir liggja til að nýta sem allra best. Þrátt fyrir erfitt efnahagsumhverfi hefur tekist sæmilega að halda úti árvissum viðburðum og hátíðum sem laða til sín erlenda gesti og eru jákvæðir þættir í kynningarstarfi fyrir borgina, en ótrygg fjármögnun og skortur á vöruþróun kemur í veg fyrir að ýmis tækifæri séu nýtt sem skyldi. Ef við gerum ráð fyrir áframhaldandi 5,3% fjölgun ferðamanna á ári má gera ráð fyrir rúmlega að 800.000 gestir muni sækja Ísland heim árið 2020, en spá Alþjóðaferðamálastofnunarinnar (UNWTO) um fjölgun ferðamanna á heimsvísu er litlu minni, eða 4,5% aukning. Vísbendingar eru um að ferðamönnum muni fjölga verulega á árinu 2011. Icelandair, stærsti flutningsaðili erlendra ferðamanna til landsins, metur útlitið þannig að 2011 stefni í metár í íslenskri ferðaþjónustu. Vísbendingar á fyrsta ársfjórðungi styðja þetta mat, því erlendir ferðamenn sem komu hingað til lands voru rúmlega 13% fleiri á fyrsta fjórðungi þessa árs en á sama tímabili árið 2010. Fjölgun ferðamanna kallar á bættu innviði á öllum sviðum, auk meiri fjölbreytni í afþreyingu og þjónustu í borginni.

Alþjóðlegir atburðir og þróun, s.s. á vettvangi efnahags- og umhverfismála, og ófyrirsjáanleg inngríp, s.s. náttúruhamfarir skapa þó umtalsverða ógn við þau tækifæri sem Reykjavík nýtur sem vaxandi ferðamannaborg. Hækkandi verð á olíu, aukin skattlagning og annað sem gerir flugsamgöngur dýrari, hefur meiri áhrif á Reykjavík sem áfangastað en flestar samkeppnisborgir og því eru allar

áætlanir í ferðamálum ofurviðkvæmar fyrir breytingum á leiðakerfi og framboði í flugi.

Í ferðamálastefnunni, hún er ekki ný, hún var fyrst sett í gang fyrir rúmlega ári síðan og verklagið við gerð stefnunnar var þannig, að hátt á þriðja hundrað manns tóku þátt í að móta stefnu Reykjavíkurborgar. Það var snemma árs 2010 að það var settur á fót stýrihópur sem var skipaður fulltrúum menningar- og ferðamálaráðs, auk starfsmanna Höfuðborgarstofu. Stýrihópurinn fór yfir ýmis gögn, s.s. fyrri stefnumótun í ferðamálum, stefnur annarra borga, Ferðamálaáætlun 2005-2015, Sóknaráætlun Reykjavíkurborgar, Menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2009-2012, umhverfisstefnu Reykjavíkurborgar - Grænu skrefin, auk þess að kynna sér niðurstöður ýmissa rannsókna og kannana. Í apríl var skipaður stefnuhópur með lykilaðilum úr borgarkerfinu, ferðaþjónustu o.fl. Stefnuhópurinn greindi tækifæri og ógnanir við Reykjavík sem ferðamannaborg og sóknarfæri voru skoðuð, m.a. með því að beita sviðsmyndavinnu. Í vinnustefnu hópsins komu fram nokkur meginefni eða þemu sem haldið var áfram að vinna með í fundaröð haustið 2010, þar sem á annað hundrað manns tóku þátt. Þemun voru: Ferðamannaborgin, Fjölskylduborgin, Græna borgin, Heilsuborgin, Menningarborgin, Ráðstefnuborgin, Samgönguborgin og Nýsköpun. Í framhaldi af vinnu hópanna var opnuð gátt á vefsvæðinu www.reykjavik.is þar sem borgarbúar og aðrir landsmenn voru hvattir til að taka þátt í hugmyndavinnunni. Á þriðja hundrað hugmyndir skiluðu sér frá áhugasömum borgarbúum.

Allir kjörnir fulltrúar í borgarstjórn Reykjavíkur voru svo boðaðir á vinnufund þar sem unnið var áfram með helstu niðurstöður hugmynda- og samráðsfundanna, auk þess sem leitast var við að skilgreina sérstöðu og samkeppnishæfni ferðamannaborgarinnar Reykjavíkur sem aðrar borgir eiga erfitt með að jafna og ég kem að því aðeins seinna.

Drög ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar komu til umfjöllunar á tveimur fundum menningar- og ferðamálaráðs og voru þaðan send til umsagna til eftirtalinna aðila: Ferðamálastofu, Íslandsstofu, Samtaka ferðaþjónustunnar, Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins, Ráðstefnuskrifstofu Íslands, Faxaflóahafna og til Miðborgarinnar okkar. Stefnan var jafnframt sent til umsagnar til sviðsstjóra og formanna eftirtalinna fagraða- og sviða Reykjavíkurborgar: Íþrótt- og

tómstundasviðs, umhverfis- og samgöngusviðs, skipulags- og byggingasviðs og framkvæmda- og eignasviðs. Að fengnum umsögnum voru gerðar viðeigandi breytingar á stefnunni sem síðan var lögð fyrir og samþykkt á fundi menningar- og ferðamálaráðs þann 18. apríl 2011. Endanleg afgreiðsla stefnunnar fer núna svo fram í borgarstjórn Reykjavíkur.

Ef við reynum að horfa aðeins fram til framtíðar og horfum á samkeppnisforskot Reykjavíkur þá var það annars vegar byggt á rauðum þráðum sem komu fram í vinnu hópanna sem voru að störfum árið 2010 og hins vegar á svokallaðri VRIO-greiningu sem kjörnir fulltrúar í borgarstjórn Reykjavíkur tóku þátt í. Eftirfarandi fimm þættir skoruðu hæst við að styrkja samkeppnishæfni Reykjavíkur að mati kjörinna fulltrúa:

Það felst samkeppnisforskot fyrir Reykjavík í því að vera höfuðborg Íslands. Ísland hefur hlotið gífurlega kynningu, ekki hvað síst undanfarið, vegna eldgosa og magnaðrar náttúru og nýtur Reykjavík góðs af þeim vaxandi áhuga sem beinist að Íslandi og þeirri þjóð sem landið byggir.

Í öðru lagi nálægð við náttúruna. Að aðgengi að náttúruperlum er einstakt og veitir gestum tækifæri til að upplifa sjaldgæfa kyrrð og einstæða náttúruvegur. Í þriðja lagi var það heita vatnið og sjálfbær nýting jarðvarmans. Þar eru laugar í Reykjavík í fararbroddi og eru táknrænar fyrir bæði baðmenningu landsmanna og ekki síður þá grænu borg sem Reykjavík hefur metnað til að vera. Langstærstur hluti ferðamanna sem kemur til höfuðborgarinnar fer í sundlaugarnar og telja það vera einstaka og afar jákvæða upplifun.

Síðan var það íslensk tónlist og bókmenntir. Íslensk menning er styrkur og sérstaða þar sem tónlistarmenn og rithöfundar hafa hvað helst vakið alþjóðlega athygli og beint sjónum að Reykjavík sem áhugaverðri menningarborg. Og friður – að Ísland er herlaust land og bent er á að mun betur megi nýta þá sérstöðu. Friðarsúlan IMAGINE PEACE í Viðey og tækifæri henni tengd skapa samkeppnisforskot fyrir Reykjavík sem aðrir mundu öfunda okkur af.

En það eru ákveðnar stoðir sem koma fram í ferðamálastefnunni og eru með fjórar stoðir, þannig að við ætlum að byggja upp öflugri og meira aðlaðandi áfangastað

til ársins 2020, það birtist í fjórum megin sviðum, meginstoðum. Þau eru rökrétt framhald af langtímasýn fyrri stefnumótunar og endurspeгла mat þeirra fjölmörgu sem að vinnunni hafa komið. Meginstoðirnar eru fjórar:

- Menningarborg
- Heilsborg
- Ráðstefnuborg
- Vetrarborg

Þær undirstrika annars vegar styrkleika Reykjavíkur, s.s. á sviði menningar, nábyllis við náttúru og tækifæra í heilsutengdri ferðaþjónustu, þ.e. menningarborgin og heilsborgin, en hins vegar þá þætti sem þarf að efla og styðja með auknum áherslum og kraftmeiri aðgerðum og eru þá í raun og veru ný af nálinni og frábær sóknartækifæri og þ.e. ráðstefnuborgin og vetrarborgin.

Þau grunnildi sem ganga eins og rauður þráður í gegnum áherslur og aðgerðir endurspeгла vilja til þess að setja græn gildi, eins og heilnæmi og góð loft- og vatnsgæði í forgang og tengja m.a. saman með beinum hætti umhverfis- og ferðamálastefnu Reykjavíkur og horfa til umhverfisþátta sem mælikvarða á þau verkefni sem ráðist er í eða njóta stuðnings Reykjavíkurborgar í ferðamálum. Reykjavík vill vera barnvæn ferðamannaborg og snertir þetta gildi jafnt þætti eins og öryggi, aðgengi og þróun fjölskylduvænnar afþreyingar, fræðslu og upplifana í Reykjavík.

Áhersla á gæði er grunnurinn að farsælum vexti ferðaþjónustu í Reykjavík. Þetta snertir öll svið; jafnt framkvæmdir og verkefni á vegum borgarinnar í ferðamálum eins og viðleitni til að hvetja fyrirtæki og hagsmunaaðila til að vinna samkvæmt metnaðarfullri gæðastefnu. Aukin gæði á öllum sviðum er lykillinn að árangri við að reisa stoðirnar fjórar; ekki síst ráðstefnuborgina og heilsborgina.

Verklagið við stefnumótunarvinnu Reykjavíkurborgar í ferðamálum endurspeglar þá staðreynd að það er sameiginlegt verkefni borgaryfirvalda og þeirra sem starfa að ferðaþjónustu í borginni og á höfuðborgarsvæðinu að byggja Reykjavík upp sem áhugaverðan og arðbæran áfangastað. Samstarf er því grunnildi og stefnt er að markvissum aðgerðum til að auka það, t.d. í formi klasa, sterks samráðsvettvangs eða samstarfs um einstök verkefni.

Talandi sérstaklega um menningarborgina þá er eitt af markmiðum menningarstefnu Reykjavíkurborgar að í borginni verði mót ólíkra stefna og strauma og að menningarlífið einkennist af alþjóðlegum borgarbrag og menningarlegri sérstöðu. Fjölbreytt menningarlíf, árvissir viðburðir og aðlaðandi og skemmtileg miðborg eru forsendur þess að Reykjavík eflist sem áfangastaður. Styrkar stoðir verði því undir menningarstarfi og þeim viðburðum sem stuðla að jákvæðu orðspori Reykjavíkur sem menningarborgar og laða til sín gesti, innlenda og erlenda, sérstaklega utan háannar. Áhersla á aðlaðandi miðborg, menningu og skapandi greinar verði afgerandi og birtist í markvissum stuðningi og öflugum kynningarstarfi Reykjavíkurborgar.

Ef við tölum aðeins um ráðstefnuborgina að þá er ferðaþjónusta tengd ráðstefnum, fundum og alþjóðlegum viðburðum af ýmsu tagi eitt mikilvægasta sóknarfæri Reykjavíkur á næstu árum. Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa og önnur fjárfesting í borginni bjóða upp á dýrmæt tækifæri sem brýnt er að nýta. Mun meiri áherslu skal leggja á markaðssetningu Reykjavíkur sem ráðstefnuborgar og koma á samstarfi helstu hagsmunaaðila til að ná áhugaverðum alþjóðlegum viðburðum til Reykjavíkur.

Nýtt er í þessu kannski heilsuborgin. Að sérstaða og sóknarfæri Reykjavíkur liggja ekki eingöngu í nábyli borgarinnar við einstaka náttúru, ómengað umhverfi og nýtingu hreinnar orku, heldur ekki síður í villtri og manngerðri náttúru innan sjálfra borgarmarkanna – Heiðmörk sem dæmi. Allt eru þetta lykjar að heilsuferðaþjónustu sem hefur alla burði til að verða ein af helstu stoðum ferðaþjónustu í Reykjavík. Fjölbreytni í nýtingu á heitu og köldu vatni, bætt aðstaða og innviðir til íþróttaiðkunar og útvistar, nýsköpun í vöruþróun og aukin áhersla á gæði eru allt mikilvægir velgengnisþættir heilsuborgarinnar.

Þá er það vetrarborgin. Við viljum að Reykjavík verði eftirsóttur áfangastaður allt árið um kring, það er lykillinn. Samstillt átak borgarinnar og ferðaþjónustuaðila auki möguleika á uppbyggingu heilsársstarfa og stuðli þar með að aukinni fagmennsku, stöðugleika og arðsemi í greininni. Vetrarborgin hvílir á markvissri þróun og nýsköpun í afþreyingu, þjónustu við ferðamenn og kynningarstarfi sem laðar gesti til Reykjavíkur á tímabilinu október-apríl. Við höfum í þessari ferðamálastefnu skilgreint 15 forgangsáðgerðir og eru þær í þremur flokkum. Og

ég ætla rétt að hlaupa í gegnum þær svona til þess að gefa þeim sem hlusta svona hugmynd af því hvað um er að ræða.

Þá er það í vöruþróun. Það er að koma á samstarfsverkefni við ríkið, Samtök ferðaþjónustunnar, Íslandsstofu, Ferðamálastofu, Nýsköpunarmiðstöð og aðra hagsmunaaðila um átak í vöruþróun með það að markmiði að auka fjölbreytni og framboð afþreyingar og þjónustu í Reykjavík utan háannar. Stefnt verði að því að verkefnið standi í þrjú ár hið minnsta.

Að koma upp Borgarhátíðasjóði í samstarfi Reykjavíkurborgar, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og annarra samstarfsaðila sem hafi þann megintilgang að styðja við fasta árlega viðburði og örva nýsköpun í hátíðahaldi í Reykjavík. Og að auka áherslu á vöruþróun í heilsutengdri afþreyingu með sérstakri áherslu á laugarnar í Reykjavík, þannig að þær einkennist af fjölbreytni og hverri laug verði sköpuð áhugaverð sérstaða, Mikka mús-laug eða eitthvað svoleiðis, kannski ekki.

Þá er komið að bókmenntum. Að Reykjavíkurborg í samstarfi við helstu hagsmunaaðila standi að starfseminni sem m.a. geri íslenskar bókmenntir mun aðgengilegri en áður fyrir erlenda ferðamenn. Aukin kynning og betra aðgengi að íslensku handritunum geri þau að einum af helstu seglum borgarinnar. Minnst hér bara á í Dublin er það Book of Kells sem að er lítið handrit á latínu og það dregur að 800.000 gesti. En okkar handrit eru svona hálfvalin og enginn veit af því hvar þau eru, þó að þau séu á ákveðnum stað.

Í fimmta lagi að Reykjavíkurborg taki þátt í að kanna möguleika til að gera Þríhnúkagíg á Reykjanesfólkvangi aðgengilegan ferðamönnum með það að markmiði að þar verði þróaður áfangastaður á heimsmælikvarða. Tryggja árlega viðburði og fjölbreytta dagskrá tengda Friðarsúlunni í Viðey. Auk þess verði stefnt að lengingu þess tíma sem kveikt er á verkinu og leitað eftir samstarfi við listakonuna um uppbyggingu friðarfræðsluseturs í Viðey sem stórbæti skilyrði til að taka á móti börnum og laði að aukinn fjölda gesta.

Í kynningarmálunum þá varð þarna til „Inspired by Iceland“ verkefnið, að það náttúrulega kom Íslandi á koppinn, en við viljum koma að samstarfsverkefni við

ríkið, Íslandsstofu, Samtök ferðaþjónustunnar og aðra hagsmunaaðila um kynningarstarf með það að markmiði að auka fjölda gesta í Reykjavík utan háannar. Stefnt verði að því að verkefnið standi í þrjú ár hið minnsta. Reykjavíkurborg stóruaki áherslur sínar og verði leiðandi í kynningarstarfi á ráðstefnu- og viðburðatengdri ferðaþjónustu í borginni. Stofnað verði til formlegs samstarfsvettvangs með helstu hagsmunaaðilum á höfuðborgarsvæðinu á þessu sviði, s.s. Hörpu, flugfélögum, helstu hótélum, fundarstöðum, ráðstefnuskipuleggjendum o.fl. Einnig verði horft til náins samstarfs við Íslandsstofu til að nýta sem best samlegð í erlendri kynningu. Samstarfsvettvangurinn taki til starfa haustið 2011. Komið verði á samstarfsvettvangi Reykjavíkurborgar, Miðborgarinnar okkar og fulltrúa annarra hagsmunaaðila um dagskrá og kynningarstarf fyrir jólaborgina í Reykjavík.

Við þurfum að endurmeta og gera tillögur að nýrri útfærslu vörumerkis (e. brand) fyrir ferðamannaborgina Reykjavík. Við erum ennþá með Pure energy, er kominn tími til þess að breyta því, finna eitthvað nýtt brand eða vörumerki fyrir Reykjavík. Það svona kíkjum við á í menningar- og ferðamálaráði núna á næstu vikum. Og síðan er það að innlendir ferðamenn eru mikilvægir í uppbyggingu Reykjavíkurborgar sem ferðamannaborgar allt árið um kring. Höfuðborgarstofa víkki út áherslur í kynningarstarfi sínu og tali jafnframt til þessa markhóps sem eru Íslendingar, og það gæti þess vegna verið þá líka Reykvíkingar.

Og síðan er þriðji liðurinn þá innviðir og gæðamál. Að það verði mótuð stefna um Miðborgina sem taki mið af einstöku hlutverki hennar sem fjölsóttasta ferðamannastaðar landsins. Stefnan taki meðal annars til fegrunar og hreinsunar, öryggismála, aðgengis-, umhverfis- og borgargæða og skerpi einnig á umgjörð rekstraraðila og húseigenda meðal annars með ákvæðum um ábyrgð á útliti fasteigna, hreinsun, opnunartíma og fleira.

Aðgengi að útivistarsvæðum borgarinnar verði stórbætt og þau gerð meira aðlaðandi fyrir börn og fjölskyldufólk. Hugmyndavinna verði hafin um skipulag náttúruleikvalla á völdum útivistarsvæðum. Í þriðja lagi rekstur og starfsemi Höfuðborgarstofu verði endurskoðuð með hugmyndir um markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins og aukna aðkomu ferðaþjónustunnar að leiðarljósi. Höfuðborgarstofa beiti sér fyrir í samstarfi við Ferðamálastofu að

ferðarþjónustufyrirtæki í Reykjavík innleiði Vaka, en það er nýtt gæða- og umhverfisvottunarkerfi.

Að öllu þessu framansögðu þá er þessi stefna – hún tekur til margs og er metnaðarfull og ég held að hún sér mjög skemmtilegt innlegg í hvernig við getum búið til ný tækifæri í Reykjavík. En ég mundi vilja fá að færa þakki til allra þeirra fjölda, næstum því þrjúhundruð manns ef ekki meira, sem komu að gerð þessarar ferðamálastefnu. Og sérstakar þakki vil ég færa menningar- og ferðamálaráði og líka verkefnisstjórn Sifjar Gunnarsdóttur og Ásu Sigríðar Þórisdóttur frá Höfuðborgarstofu og Sævari Kristinssyni sem var fenginn inn í verkefnastjórn. Ég læt þessari yfirferð um ferðamálastefnuna lokið og hlakka til að heyra í öllum.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson lokið máli sínu. Forseti gleymdi að geta þess hér áðan, að forseti hefur ákveðið undir þessum dagskrárlið í fundargerðinni verði jafnframt til afgreiðslu 28. liður fundargerðar borgarráðs frá því 28. apríl sl., sbr. 6. dagskrárlið í dagskrá fundarins. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

2. mál Tillaga borgarstjóra að ferðamálastefnu Reykjavíkur sbr. 28. lið fundargerðar borgarráðs frá 28. apríl

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil byrja á því að óska nýjum forseta til hamingju og óska henni velfarnaðar í sínum mikilvægu störfum um leið og ég þakka fyrir það traust sem mér var sýnt að gegna þessu starfi í þann tíma sem ég hef gert. En mig langar að fara stuttlega yfir ákveðna þætt í þessari ferðamálastefnu sem við hér ræðum nú, en okkar fulltrúi í menningar- og ferðamálaráði mun fara betur yfir það hér á eftir. Ég vil fyrst og síðast óska okkur öllum til hamingju með stefnuna. Ég held að þetta sé mikið og gott framfaraskref og ánægjulegt hversu vel hefur verið haldið á verkefninu. Það hófst eins og við flest vitum hér í byrjun árs 2010 og var leitt þá af þáverandi menningar- og ferðamálaráði sem hefur síðan haldið áfram með verkefnið af sama metnaði og með svipuðum hætti og það er ástæða til þess að óska núverandi formanni menningar- og ferðamálaráðs, Einar Erni Benediktssyni og Áslaugu Friðriksdóttur fyrrverandi formanni menningar- og ferðamálaráðs innilega til hamingju. Auk þess sem mig langar að þakka starfsfólki menningar- og ferðamálasviðs, þá sérstaklega sviðstjóranum og Sif Gunnarsdóttur sem að situr nú hérna með okkur og hefur mikið komið að verkinu, til hamingju með þeirra miklu verk og þeirra afrek í þessu öllu saman.

Það er auðvitað kannski sérstakt tilefni til þess að ræða það og einhverjir gætu spurt sig hvers vegna er svona mikil ástæða til þess að setja fram á þessum tímamarki nákvæmlega metnaðarfulla ferðamálastefnu, nógu metnaðarfull var hún nú fyrir, sú sem að var samþykkt hér áður og var í gildi. En ég held að það skipti miklu máli, sérstaklega eftir það sem að yfir þessa þjóð hefur dunið, að það sé hugað sérstaklega að þessum málum. Við vitum það öll sem höfum kynnt okkur það með hvaða hætti borgir sem af krafti hafa tekist á við efnahagshrunið og reynt að mæta því með sókn en ekki bara í vörn, að ferðamálin og það sem að tengist þeim eru lykilatriði í því samhengi. Og ég hef oft í þessum sal og annars staðar á þessum vettvangi hér í borgarstjórn nefnt það að þegar við nokkur áttum þess kost að heimsækja Helsinki til þess að reyna að læra af þeirra viðbrögðum við kreppu og erfiðu ástandi. Og alls staðar er þetta sem Einar Örn Benediktsson fór ágætlega yfir hér áðan nefnt sem sérstakt og mikilvægt tæki og þá kannski ekki síst tækifærin sem í ferðamálamálunum og ferðamálastefnu öflugri felast til

Þess að auka gjaldeyristekjur og tryggja það að hingað komi fleiri ferðamenn. Ekki einungis þá til að ferðast og skoða borgina okkar, þó að það sé auðvitað alltaf undirliggjandi heldur líka til að sækja hér viðburði. Og mér finnst mjög ánægjulegt að sjá sérstaklega hugað að þeim í þessari stefnu að það sé reynt að tryggja það að Reykjavík sé borg þar sem að margir koma til þess að huga að einhverjum sérstökum viðfangsefnum, og gista hér til lengri eða skemmri tíma og auðvitað koma með fjármagn til borgarinnar okkar.

Mig langar aðeins að renna stuttlega í gegnum þetta plagg og staldra við það sem að mér finnst vera sérstaklega mikilvægt. Mér finnst framtíðarsýnin og lýsingin þar í upphafi ferðamálastefnunnar metnaðarfull og í samræmi við það sem að við höfum verið að tala um svo lengi, og er í ágætu samræmi við það sem að borgin hefur verið að huga að, til dæmis í sóknaráætlun borgarinnar sem endurspeglar margt af því sem að hér kemur fram. Talað er um kynningarstarf og innviðina sem þurfa að vera til staðar, auk þess sem að það er nefnt sem auðvitað er markmið alls staðar og þarf að vera sérstakt markmið hér í landi sem býr við þannig veðurlag, að í gær var vetur en nú er sumar, að huga að því að það sé öflugur og mikill ferðamannastraumur hér helst á öllum tímum ársins. Og formaður menningar- og ferðamálaráðs kom vel inná þetta og þarf svo sem ekkert annað en að taka undir með því og hvetja menn til dáða í því.

Svo langar mig að nefna það sem mér finnst líka endurspeglast í þessari stefnu og ég held að sé mikilvægt og ég held að Reykjavíkurborg hafi áttað sig á fyrir nokkru síðan, það er ekkert endilega svo langt síðan, en nú er orðinn ágætur samhljómur um það og ég held að það sé mikilvægt að við höldum því hátt á lofti og mér finnst gott að menn ávarpi það hér mjög víða, að Reykjavíkurborg geri sér grein fyrir sinni sérstöðu. Sé ekki feimin við sína sérstöðu og líti á sína sérstöðu bæði í: menningu, listum, hönnun, skipulagi, umhverfi og hverju sem það er sem styrkleika, en ekki eitthvað sem við þurfum hálfpartinn að skammast okkar fyrir, vegna þess að það er ekki jafn stórt og viðamikil og í stærri heimsborgun. Heldur erum við stolt af sérstöðunni. Við erum stolt af lágreistu gömlu húsunum okkar. Við erum stolt af því að hér er minni fólksfjöldi heldur en víða annars staðar. Við erum stolt af því að hér er nágrenni við náttúru og alls konar sérstöðu sem að mér finnst gott að menn ávarpi með stolt í huga, en ekki eins og of lengi, held ég, hafi

verið hjá okkur að það er eitthvað svona að við erum ekki samanburðarhæf við stórborgir.

Við erum samanburðarhæf við það besta sem þekkist í því sem að við bjóðum upp á og það er þessi sérstaða sem ég held að laði fólk hingað miklu frekar heldur en það að við getum staðist New York eða London einhvern snúning í ákveðnu samhengi. Mér finnst líka mjög gott – hér nálgast menn og gera grein fyrir og það finnst mér líka svo vel gert í þessu, forseti, hvernig er tengd saman bakgrunnur og ferðamálastefnan sem hér var í gildi frá 2004-2010 og hefur gert mjög góða hluti fyrir Reykjavík. Fullt af þeim áherslum sem að voru settar fram þar í anda ferðamannaborgarinnar „Pure energy“ og allt þetta sem að við þekkjum svo vel hefur haft mikil og góð ímyndaráhrif fyrir Reykjavík og var kröftug markaðssókn á sínum tíma, og mér finnst mjög gott að sjá hvernig það er tengt saman og hvernig menn nýta það besta úr henni og bæta bara við á tréð í stað þess að einhvern veginn kveðja það og hefja nýjan tíma. Mér finnst mjög gott að sjá hvernig reynslan er nýtt og hvernig menn taka það besta frá því sem að var og innleiða það í þessa stefnu sem nú er.

Mig langar hins vegar aðeins að ávarpa það, að það er hér sagt sem að ég er svo sammála. Það stendur hér; helstu markmið stefnunnar og fyrsti punkturinn sem nefndur er er að efla Reykjavík sem höfuðborg Íslands. Og ég hef dálitlar áhyggjur af því, ekki að borgarstjórn Reykjavíkur átti sig ekki fullkomlega á mikilvægi þess að Reykjavík er höfuðborg og á að starfa sem slík og á einhvern veginn að vera með það svo ofarlega í allri sinni markaðssetningu og sinni nálgun. Mér finnst stundum skorta á skilning ríkisvaldsins, alveg óháð því hverjir eru við völd, á þessu hlutverki Reykjavíurborgar. Mér finnst ríkisvaldið of oft taka upp einhvern svona slag á milli höfuðborgarsvæðisins og þá er yfirleitt höfuðborgarsvæðið í staðinn fyrir bara höfuðborgin og síðan landsbyggðin, og mér finnst vanta á það að ríkisvaldið skilji það að höfuðborgin skiptir mjög miklu máli og það er ekkert sem að er óeðlilegt eða óæskilegt að ýta undir ákveðna þætt í borgarsamfélaginu sem eru einstakir fyrir Reykjavík.

Ég vona það að við séum sammála um það í Borgarstjórn Reykjavíkur að hvetja ríkisvaldið til þess að sýna því aukinn skilning og til þess að átta sig á því að það er mikilvægt að hafa höfuðborg og skilgreina höfuðborg, ekki stöðugt að tala um

höfuðborgarsvæðið heldur er þetta höfuðborg Íslands. Hún hefur ákveðið hlutverk sem slíkt og hún má alveg njóta þeirrar sérstöðu í stefnumótun á vettvangi ríkisins. Og mér finnst ansi og alltof oft skorta dálítið á það og held að við eigum öll að nýta okkur þau tæki sem við höfum til þess að auka skilning ríkisvaldsins á því og hvetja til þess að það sé ávarpað hátt og skýrt. Mjög mörg lönd önnur eru löngu búin að átta sig á mikilvægi þess sem að góð og öflug höfuðborg er og ég vildi óska að okkar ríkisvald væri þarna komið á sama stað.

Síðan langaði mig örstutt, forseti, vegna þess að mér finnst svo margt athyglisvert í þeirri upptalningu sem hér fylgir svo vel með varðandi mælanleg markmið ferðamálastefnu 2004-2010. Mér finnst til fyrirmyndar að stilla þessu upp með þessum hætti, þar sem að talin eru upp þau markmið sem sett voru og síðan á mjög svona afgerandi hátt og skýran hátt sett fram hvað hefur gengi eftir og hvað hefur ekki gengið eftir. Og mjög margt af þessu hefur auðvitað gengið mjög vel eftir. Fjöldi ferðamanna er kannski ekki alveg eins mikill og við hefðum viljað sjá, en þó þannig að það er 5,3% aukning, eins og greint var hér frá áðan. Síðan hefur það tekist að ferðamenn dveljast lengur í Reykjavík heldur en að þeir gerðu. Gestum fjölgar hlutfallslega meira utan háannatíma en á öðrum tímum sem er líka gott, en við viljum auðvitað sjá umtalsvert meiri fjölda á þessum tíma.

En síðan er það eitt sem ég staldra við og vil nefna og veit að við erum mörg sammála um og höfum mjög oft rætt á vettvangi skipulagsins. Það er hér einn punktur sem er meðalnýting á hótelum í Reykjavík verði ekki undir 70% í lok tímabilsins, það eru ákveðin fræði sem við könnumst mörg við þar sem að talað er um að hótél geti ekki borið sig nema nýtingin sé, mig minnir að það sé 75-78%, það er talin svona nýting sem er þarna góð hvað varðar hótelnýtingu. Það er ekki þannig hjá okkur og samkvæmt þessum tölum sem ég sé hér er meðal nýting árið 2009 54,7% og hefur hæst verið 61,2% á tímabilinu 2006.

Og af hverju nefni ég þetta. Vegna þess að við höfum mjög oft á vettvangi skipulagsins og mjög oft á þessum vettvangi hér rætt það hvernig og hvort við eigum að vinna þannig með hótéluppbyggingu í Reykjavík að Miðborgin okkar verði svona allt að því á mörgum lykilstöðum full af hótelum. Og ég er þeirrar skoðunar að þannig eigi það ekki að vera. Og hvers vegna er það? Það er vegna þess að ég held að reynslan frá mjög mörgum borgum í kringum okkur kenni

okkur það, að þar sem að það hefur verið gert, að hótél hafa fengi miklu meira rými heldur en íbúðabyggð, þá gerist það því miður á ákveðnum tímum í hverju ári, þar eru fáir ferðamenn að þá deyja þessar miðborgir. Og ég held að við eigum að gæta okkar mjög mikið á því, eins og mikið og við viljum auðvitað hafa blöndun af hótél- og íbúðauppbyggingu og verslunum og svo framvegis, að þá held ég að við verðum að huga að því og gæta þess að ákveðin kjarnasvæði miðborgar verði ekki einungis hótél. Það mun held ég ekki kalla á þarna svona farsælt líf í miðborginni og ég held að við þurfum að gæta þess að tryggja að þannig verði það ekki.

Og ég get nefnt mjög mörg dæmi af borgum. Síðasta dæmið sem ég kynnti mér var í San Antonio í Bandaríkjunum, þar sem að menn telja að þeir hafi einmitt með ákveðnum hætti gert það að verkum að miðborgin varð mun „dauðari“ en ella vegna þess að hótél fengu þar uppbyggingu frekar heldur en íbúðabyggð, sem varð þess valdandi að á ákveðnum tímum árs er lítið líf í miðborginni. Fyrir utan að það verður ekki hefðbundið líf eða svona ákveðin uppbygging verður bara í kringum ferðamenn en ekki í kringum íbúa, ekki í kringum börn og ekki eins fjölbreytt. Og einhverjir geta kallað þetta einhverja forræðishyggju, ég er ekki þeirrar skoðunar að þannig sé það. Ég held að þetta sé nauðsynlegt til þess að tryggja að miðborgin okkar blómstri og verði einmitt aðlaðandi fyrir ferðamenn þegar að hún er full af fólki sem einnig býr þar. Þannig að ég held að við verðum að gæta okkar á jafnvæginu þarna. Því að auðvitað viljum við helst sjá það fyrir utan það að við þekkjum það öll að flestir Reykvíkingar vilja búa í nálægð við miðborgina og við eigum að gefa þeim tækifæri til slíks.

Síðan eru hér mjög margar athyglisverðar vangaveltur varðandi það til dæmis hvaða áhrif uppákomur eins og eldgos og svo framvegis, hvaða áhrif það hefur haft á ferðamannastrauminn hér og viðbrögðin við því. Mér finnst líka mjög til fyrirmyndar og hrósa þá bæði fyrrverandi og núverandi menningar- og ferðamálaráði fyrir það hversu margir hafa komið að því að móta stefnuna, hátt í þriðjahundrað manns tóku þátt í að móta þetta og vinna að þessu, og það er held ég ástæðan fyrir því að flestir eru sáttir við verkefnið og hafa á því trú. Og einmitt þess vegna hef ég miklu meiri trú á því heldur en ef að það væri gert án þessa víðtæka og öflugra samráðs.

Og allt annað sem hér er nefnt; megin stoðirnar, menningarborg, heilsuborg, ráðstefnuborg, vetrarborg, þetta held ég að sé mjög skynsamlegt í samhengi við það sem að ég hef rætt um hér á undan og einnig í miklu samræmi og kröftugu samhengi við þá sóknaráætlun sem ég nefndi hér fyrir í dag sem var á sínum tíma stýrt af sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs, Svanhildi Konráðsdóttur og ber þess ýmis merki að þetta er allt í góðu samhengi og ég held að það hljóti að geta virkað vel saman. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég held að það sé fyrst og síðast ástæða til þess að óska ykkur til hamingju með þetta verk. Ég er viss um að það á eftir að vinna vel fyrir Reykjavíkurborg og tryggja það að hingað sæki margir gestir okkar góðu borg og ég vona og veit að við munum sameinast um það að tryggja að þessi stefna fái vöxt og viðgang í Reykjavík.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Áslaug Friðriksdóttur.

2. mál Tillaga borgarstjóra að ferðamálastefnu Reykjavíkur sbr. 28. lið fundargerðar borgarráðs frá 28. apríl

Áslaug Friðriksdóttir: Háttvirtur forseti og ágætu borgarfulltrúar. Ég ætla nú að gera eins og aðrir hér að byrja á því að óska nýkjörnum forseta innilega til hamingju með starfið.

Ferðamálastefnan sem hér liggur fyrir er ágæt að mínu mati og ég fagna því að við séum hér að ræða hana, enda samþykktum við hana, ráðsmenn í menningar – og ferðamálaráði, þannig að það ætti nú ekkert að koma á óvart. Mig langar líka að færa þeim starfsmönnum og því fólki sem kom að vinnunni kærar þakkir, en eins og fram kom hér áðan að þá voru þetta allt að þrjúhundruð manns sem tóku þátt í hugmyndastarfinu. Og ekki vantaði hugmyndir, ég held að hugmyndirnar séu nægar, en það sem stefnan þarf einhvern vegin að grípa er hvernig við einhvern vegin búum til aðstæður þannig að allar þessar hugmyndir finni sinn farveg og verði að veruleika, séu þær raunhæfar og góðar.

Ferðamálastefnan ber yfirheitið Styrkar stoðir sem kannski vísar til þess hversu mikilvægur atvinnuþáttur ferðamálin eru hér í Reykjavík sem annars staðar á landinu auðvitað. Eins og kemur fram í gögnum með ferðamálastefnunni, þá starfa um 10 þúsund manns við ferðaþjónustu á Íslandi sem er um 5-6% af störfum í landinu en miðað við að fjöldi starfandi á landinu var þá um 116 þúsund manns, þetta er miðað við 2008, þá voru 10.000 við störf í ferðaþjónustunni.

Það koma hingað til lands um 500 þúsund erlendir ferðamenn árlega skv. upplýsingum sem Ferðamálastofa safnar um fjölda erlendra ferðamanna sem kom í gegnum Leifsstöð. Reykjavíkurborg rekur svo Upplýsingamiðstöð ferðamanna við Ingólfstorg og heimsóknir þangað gefa okkur líka ákveðna vísbendingu um fjölda ferðamanna sem heimsækja borgina. Hluti þeirra leggur leið sína til borgarinnar en hinn hlutinn kemur í rauninni ekki út úr Leifsstöð og er kannski að millilenda eða er fólk sem að býr hér. Út frá tölum Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna sóttu 330 þúsund manns þangað árið 2009 og það sýnir okkur hvers mikils það er vinna að sannfæra hærra hlutfall ferðamanna sem fara í gegnum Leifsstöð að stoppa og skoða borgina. Reykjavíkurborg á að styðja þetta sannfæringarstarf í nánú samstarfi við fyrirtækin sem vinna á þessum vettvangi núna.

Hverjum einasta ferðamanni fylgja mikilvægar tekjur fyrir borgarbúa. Ferðamenn nýta verslun og þjónustu, samgöngur, njóta menningar svo eitthvað sé nefnt. Erlendir ferðamenn eru uppspretta um 17% allra gjaldeyristekna okkar en samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum voru tekjur af erlendum ferðamönnum árið 2008 um 73 milljarðar. Þar af fór um 51 milljarður í neyslu og um 22 milljarðar í fargjaldakaup en það var gífurleg aukning frá árinu áður og við þurfum að viðhalda þessu og helst að auka.

Það hefur verið sannfæring okkar sjálfstæðismanna í borgarstjórn á þessu kjörtímabili sem því síðasta, að ferðaþjónustan á að vera í brennidepli á þessum erfiðu tímum. Ferðaþjónustan er vaxandi atvinnugrein og þar munu eflaust skapast langflest störf í næstu framtíð. Við eigum því að sinna okkar hlutverki með sóma til að styðja við þann vöxt.

Ferðaþjónustan fær meðal annars stuðning af öflugum menningarlífi og með því að við byggjum á því sem helst einkennir okkur, s.s. heita vatnið eða eitthvað slíkt, eins og fram kemur í ferðamálastefnunni og það á að halda áfram að skipuleggja fjölbreytta viðburði og styrkja þá sem fyrir eru og eru að vaxa ár hvert. Mjög mikilvægt er að við tökum okkur á í samstarfi við aðila í ferðaþjónustunni svo að þeir geti kynnt og selt ferðir á þessa viðburði og hafi nægan tíma til þess.

Svo þarf að sinna umhverfi og uppbygginu í borginni. Það þarf að draga fram uppruna og einkenni borgarinnar og við þurfum að sinna þessum verkefnum af virðingu fyrir menningu og sögu og þannig sköpum við enn betri skilyrði og enn meiri áhuga á umhverfinu sem að við búum í. Fram kemur í stefnunni klausa um að hún muni aldrei raungerast nema að öll svið borgarinnar taki hana og innleiði og mikilvægt er að hafa hana til hliðsjónar við forgangsröðun verkefna og fjármagns. Og ég legg sérstaka áherslu á það að mér finnst að við verðum að endurskoða hvernig við stöndum að fjárhagsáætlunargerðinni, hvað samráð milli sviða varðar. Því að oft gæti menningar og ferðamálasvið séð eitthvað sem að skiptir máli hvað umhverfis- og samgönguráð til dæmis varðar og svo framvegis. Þannig að mér finnst að við eigum einhvern veginn að reyna að innleiða nýja ferla hvað þetta varðar.

En víkjum þá að stefnunni sjálfri sem að hér liggur fyrir. Ég ætla að fletta bara aðeins í gegnum hana en það er svo sem búið að gera það hér áður og ætla ég að reyna að vera nokkuð snögg. Eins og fram kom áðan, þá er ferðamálastefnunni skipt í fjórar stoðir; menningarborgina, ráðstefnuborgina, vetrarborgina og heilsuborgina.

Fyrst er fjallað um menningarborgina og fyrsta markmið þar miðar að því að gera miðborgina aðlaðandi og eftirsóknarverða, en þetta er eitthvað sem við öll vitum að er verkefni sem að okkur hefur ekki gengið nógu vel að sinna. Við lendum alltaf í því að vera ekki með nægt fé í þrif, í viðhald, í það að halda borginni hreinni og fagurri. Og líka í því að þeim sem ekki búa í Miðborginni finnst einhvern veginn eins og íbúum Miðborgarinnar sé gert hærra undir höfði þegar að við sinnum Miðborginni betur. En við hljótum að verða að átta okkur á því að um Miðborgina fara allavega þessar 330 þúsund ferðamanna og það er bara þess virði að taka verulega utan um þetta verkefni og fara að sinna því af fullum krafti í einmitt samstarfi við þá aðila sem að þar starfa. Og ég veit að það er alveg kominn vísir að þessu starfi, en við þurfum að ganga ennþá lengra. Við þurfum að fá skipulagið og önnur svið með okkur og gera þetta mun, mun betur en okkur hefur tekist hingað til.

Annað markmiðið fjallar um samfellu í viðburðum yfir árið og kynningarstarf, en þetta er einmitt gífurlega mikilvægt og við getum auðvitað fjölgað ferðamönnum gríðarlega án þess að þurfa svo mikið að bæta við í innviðunum með því að lengja ferðamannaárið. Þetta er auðvitað það sem við höfum verið að vinna að lengi en höfum kannski ekki verið búin að taka höndum saman eins og þurfti til þess að gera það sem þarf. Og ég vona að þessi stefna muni hafa það auðvitað í för með sér.

Þá er líka auðvitað svo mikilvægt, eins og ég sagði kannski áðan, en það er að gefa aðilum í ferðaþjónustunni tíma til þess að byggja upp og selja viðburði, selja það sem að Reykjavíkurborg er til dæmis að styrkja og byggja upp með öðrum. Þeir þurfa tíma til þess að markaðssetja það erlendis og við verðum að fara að sýna agaðri vinnubrögð og ekki henda upp hátíð hér og þar án þess að neinn hafi í rauninni tíma til þess að gera sér einhver verðmæti úr henni.

Hér er svo fjallað um að gera menningararfinn sýnilegri og að byggja á einkennum eins og það að við erum bókmenntaþjóð og ég tel þetta allt afar jákvætt og bara einhvern veginn löngu tímabært og mér finnst frábært að við séum einhvern veginn að fjalla um þetta. Mér finnst að þetta svona sé komið í það horf að við gætum séð þó nokkurn árangur eftir nokkur ár. En auðvitað þarf fjármagn í þetta og það er svo sem líka það sem við erum að samþykkja í dag að fara að skoða það í rauninni hvaða fjármagn þarf.

Ég ætla að halda áfram að fletta bara yfir í ráðstefnuborgina. Það sem þarf auðvitað að gera þar er að Reykjavíkurborg þarf að byrja að marka sér orðspor fyrir að vera góð til ráðstefnuhalda og að þar séu aðstæður allar til fyrirmyndar og gaman að sækja og hægt að eiga í rauninni skemmtilegar stundir ásamt því að sitja á ráðstefnu. Og til þess að nýta fjármagnið sem best þá þurfum við að sameina kraftana sem nú eru þegar til staðar. Þetta þýðir mikið endurskipulag en það þýðir líka örugglega auka fjármagn. En ég held að með því að skipuleggja okkur markvissar að þá ættum við að ná heilmiklum árangri. Til að gera borgina að ennþá meira aðlaðandi ráðstefnuborg en hún gæti verið í dag, án þess að bara vera kynnt þannig, þá væri heilmikið unnið ef borgin yrði græn og vistvæn, og við byggðum á því sem við höfum og erum svona semi-þekkt fyrir, en það er að vera sjálfbær, eins og með heitavatnið. Innviðir hér eru mjög sérstakir og við hljótum einhvern veginn að vilja að gera ennþá betur. Það er einhvern veginn eins og þurfi svo lítið til til þess að gera þetta einhvern veginn alveg framúrskarandi.

Svo er hér markmið sem að fjallar um það að við fáum stærri hópa en nú er til þess að miðla upplýsingum um ráðstefnu borgina. Við þurfum að fá háskólasamfélagið og fræðasamfélagið með okkur og þeir fulltrúar sem þar starfa taki þátt í að breiða út orðspor borgarinnar sem ráðstefnuborgar, viðskiptalífið líka og jafnvel alveg niður í einstaklinga sem bara taka sér það hlutverk að hjálpa okkur.

Svo er það heilsuborgin, en hér eru auðvitað fjöldamörg tækifæri. Hér er efst a blaði markmið um sundlaugarnar, en það er einmitt að byggja á sundlaugamenningunni hér og við höfum nú náð langt án þess að vera komin með ferðamálastefnu þessa. En við vorum einmitt kosin sem ein af borgunum sem best

er að baða sig í – fyrr á þessu ári og hlutum mikla athygli fyrir. Þannig að eins og við vitum að þá eigum við svo auðveldlega að geta gert þetta.

Svo er það auðvitað að bæta útivistarsvæðin og gera útivistarsvæði í kringum borgina öll hin aðgengilegustu og skemmtilegustu. Göngu- og hjólreiðastígakerfið, almenningssamgöngur og slíkt kemur að sjálfsögðu við sögu og nefnt hér sem hluti af aðgerðaráætlun þessarar stefnu. Og svo er lögð áhersla á það að sækja alþjóðlega viðburði, eins og til dæmis: Reykjavíkumaraþon eða álíka viðburði og Reykjavíkumaraþon er í dag, en bara á öðrum tíma ársins til að fylla inn í viðburði ársins og lengja ferðamannaárið.

Að síðustu er vetraborgin. Þar eru 5 markmið. Það fyrsta fjallar um að fjölga gestum að vetri til og þar þarf aðallega til samstarf. Samstarf milli ríkis og borgar, borgar og helstu hagsmunaaðila og svo framvegis. Samstarf virðist vera það mikilvægasta sem að við höfum. Það er mikilvægasta tækið til að gera betur. Og þetta var mikið rætt þegar að við vorum að hefja vinnuna á ferðamálastefnunni, þá svona kom í ljós hvernig eða allavega upplifði ég það þá að mér fannst verða einhver svona snúningur frá því að vera sífellt að tala um samkeppni, menn væru ekkert til í að einhver væri mjög nálægt sér eða svona ekki fyndist þessi og hinn vera að fá meira en yfir í það að menn sáu hvers virði samstarf er og hvers virði það er þegar að einn aðili fer í markaðssetningu fyrir aðra. Þannig að við höfum gríðarleg tækifæri í samstarfinu.

Annað markmiðið hér fjallar um jólaborgina, en það hefur auðvitað verið svolítill draumur að byggja meira á henni en verið hefur. Við höfum einmitt séð nágrannalöndin okkar gera þetta ágætlega og það er ekkert annað en að reyna það bara, enda er þetta komið hér á áætlun. Svo er það bara að byggja á því sem að kannski er svona er ekki eins hefðbundið en það er til dæmis þetta að byggja bara á því að hér er gaman að koma um vetur, vegna þess að hér er myrkur og myrkrið getur bara verið mjög nærandi. Það þarf ekkert að vera þreytandi eða þunglynt, það getur bara verið mjög nærandi og gefið fólki hvíld. Og fyrir marga er það líka bara mjög spennandi. Þannig að það er vissulega hægt að byggja á því líka. Og hér eru aðgerðir sem að miða að því.

Það er líka talað um að gera borgina að betri eða já, eftirsóknarverðari valkosti fyrir fjölskyldur og í vetrarfríum og talað um að reyna að þróa fjölskyldupakka og nýta útivistarsvæðin og svo framvegis. Þannig að þetta er allt hið besta mál. Það getur vel verið að hér hafi einhverjar hugmyndir ekki komist á blað sem hér voru ræddar. En það var reynt samt að ná utan um allar þær hugmyndir einhvern veginn, þannig að þær eiga allavega heima inni í þeim flokkum sem að fram koma hérna.

Eftir að hafa verið búin að vinna þetta allt að þá voru settar fram 20 forgangsáðgerðir og þær eru taldar hér upp inni í þessari ferðamálastefnu og lagt til að haldið verði strax af stað við að fara í þær. Hér svo á dagskrá ásamt þessari stefnu er plagg sem að heitir tillaga að útfærslu einstakra þátta Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar þar sem að borgarráð vísaði þeirri tillögu hingað, en þar er lagt til að fjórar af þessum tillögum verði teknar strax til skoðunar og sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs fái heimild til þess að skoða útfærslu, framkvæmd og fjármögnun. Og með því fylgir greinargerð sem hægt er að lesa. Ég ætla nú ekki að telja allar þessar 20 forgangsáðgerðir upp, en þær skiptast í þrjá kafla. Fyrstu áðgerðirnar miða allar að vöruþróun á einn eða annan hátt. Og þar er samstarf mikið, bæði við Ferðamálastofu, Samtök ferðaþjónustunnar, Íslandsstofu, Nýsköpunarmiðstöð og aðra hagsmunaaðila um að koma vöruþróun betur á fót og auka fjölbreytni og framboð á alls konar afþreyingarþjónustu. Og þetta þarf að vera meira og stöðugra heldur en við höfum kannski getað sinnt hingað til og það er lagt til að þetta verði að minnsta kosti þriggja ára verkefni.

Kynningarmálin eru svo hér líka. Ég tel að það sé afar mikilvægt og afar brýnt að við skoðum þau mjög vel. Og svo eru hér tillögur um innviði og gæðamál. Svo að ég víki mér aftur að tillögunni sem að borgarráð sendi hingað. Þar eru fjórar tillögur og það eru samstarfsverkefni til þriggja ára vöruþróun eins og ég nefndi. Stofnun borgarhátíðarsjóðs sem hafi það að markmiði að efla viðbrögð, Dagatal Reykjavíkur. Styrkja rekstrargrundvöll og auka kynningagildi valdra ... viðburðum fyrir ferðaþjónustu í Reykjavík. Samstarfsverkefni til þriggja ára um víðtæka kynningu á Reykjavík sem aðlaðandi áfangastað fyrir utan háannatíma. Og verkefni um að styrkja Reykjavík í sessi sem eftirsóttá ráðstefnuborg og vettvang alþjóðlegra viðburða. Og það er frábært ef þetta verður samþykkt og að þetta færi í rauninni strax í vinnslu. Engu að síður held ég að við getum ekki beðið

með sumar af þessum 20 aðgerðum sem að voru settar í forgang eins og það til dæmis að móta stefnu um miðborgina. Við verðum bara að gera það strax í gær. Þá held ég að ég sé nú búin að telja upp það sem að mér finnst ágætt að komi fram úr ferðamálastefnunni.

En mig langar þá að víkja að örðu og það er í rauninni ytra umhverfi Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar. Því það er náttúrulega ekki hægt að ræða um ferðamálastefnuna án þess að horfa til þess að ríkið sem að í rauninni leggur af ennþá meiri þunga til umhverfi ferðaþjónustuaðilanna, það er bara ekki í góðum málum, eins og maður segir. Undanfarin tvö ár er búið að vera ódýrt að ferðast til Íslands. Áður var endalaust kvartað yfir verðlagi, að verðlag á Íslandi væri alltof hátt, óvinur ferðaþjónustunnar og svo framvegis. Og þegar hinn langlífi óvinur er ekki lengur til staðar og maður hefði haldið að það væru mjög bjartir tímar framundan, en þá rís hið stóra ríki upp sem skæðasti óvinur ferðaþjónustunnar eða ríkisstjórn með öllum sínum ranghugmyndum.

Ríkisstjórnin virðist vinna markvisst að því að draga lífið úr ferðaþjónustunni hægt og sígandi. Skattar hafa verið stórhækkaðir, veitingar og þjónustugjöld hafa hækkað og samtök ferðaþjónustuaðila hafa kvartað sáran fyrir daufum eyrum. Rekstur til flugvalla hefur fengið minna fé sem leitt hefur til hækkunar á gjöldum og ferðaþjónustuaðilar hafa þurft að standa í ótrúlegu stappi og ströggli gegn hugmyndum ríkisstjórnarinnar, sem nánast allar hafa náð fram að ganga. Í tilkynningu um sóknarfæri í ferðaþjónustunni sem Samtök ferðaþjónustunnar sendu frá sér vegna skattahækkana segir, með leyfi forseta:

Með stórhækkuðum sköttum verður þetta dýrmæta sóknarfæri ekki lengur til staðar. Hækkun nú á flugfarseðlum, hótulgistingu, veitingum, landflutningum og afþreyingu mun leiða til fækkunar ferðamanna, lækkunar gjaldeyristekna og þar með óþarfa atvinnuleysis.

Tilvitnun lýkur. Ítrekað hefur ríkisstjórnin sýnt óskiljanleg viðbrögð hvað ferðaþjónustuna varðar. Um leið og fyrirtæki reyna að auka umsvif sín reynir hún af ítrasta megni að hafa af þeim hverja krónu, um leið og vaxtabroddar myndast er þeim slátrað. Af þessum vinnubrögðum má helst lesa að þau séu markvisst að vinna að því að fjölga ekki störfum og hafa sem flesta á bótum. Þá er ástandið á

vinnumarkaði ekki heldur tilefni til að vera sérstaklega bjartsýnn og ríkisstjórnin virðist komin upp við vegg og farin að benda á samtök í atvinnulífinu sem sökudólga en ekki verður annað séð að bendingarnar stafi af eigin getuleysi. Ferðapjónustunni stendur að sjálfsögðu ógn af þessu ástandi eins og segir í ályktun frá síðasta aðalfundi SAF, með leyfi forseta:

Heildarumsvif ferðapjónustunnar hafa aldrei verið meiri og voru við síðustu mælingar 209 milljarðar króna. Ferðapjónustan er á sama tíma burðarás í gjaldeyrissköpun sem nú mælist u.þ.b. 20% af heildargjaldeyrissköpun þjóðarinnar. Það skiptir því miklu að hlúa að rekstrarumhverfi hennar svo hún geti í framtíðinni orðið enn verðmætari og þar liggja stærstu tækifærin í aukinni vetrarferðapjónustu.

Það eru þó alvarlegar blikur á lofti sem eru minnkandi eftirspurn vegna minni kaupmáttar, gegndarlausar skattahækkunar sem draga mátt úr fyrirtækjunum, síaukin gjaldtaka hins opinbera og stöðnun í fjárfestingum í atvinnulífinu.

Ferðapjónustan á mikið undir því að atvinnulífið í heild blómstri en þar ríkir víðast hvar stöðnun og óvissa. Mikilvægt er að blása til sóknar. Þar er mikilvægast að gera 3 ára kjarasamning sem leiði til aukins kaupmáttar og fjölgunar atvinnutækifæra og stjórnvöld fari í samstarf við aðila vinnumarkaðarins um nauðsynlegar aðgerðir til að koma atvinnulífinu upp úr hjólförunum. Þetta eru atvinnuleiðirnar út úr kreppunni.

Tilvitnun lýkur. Ferðapjónustan hefur kallað eftir samvinnu við stjórnvöld sérstaklega hvað varðar vetrarferðapjónustu og markaðssetningu hennar. Eins og áður kom fram tekur ferðamálastefna Reykjavíkurborgar sem hér liggur fyrir að sjálfsögðu á þessu grundvallaratriði. Fyrir liggur viljrði frá ríkisstjórninni um fjármuni til þessa máls en ekkert hefur enn verið kynnt, og vona ég innilega að þau verið stolt af því og að fjármagnið muni nýtast til að ýta aðgerðum tengdum ferðamálastefnu borgarinnar úr vör.

Og það er eins og Hanna Birna nefndi hérna áðan: það tengist því að ríkið þarf að horfa á borgina eins og aðra landshluta. Það er bara réttlátt að ríkið veiti fjármunum til allskyns verkefna hér, eins og það gerir til annarra landshluta. En svo virðist einhvern vegin alltaf vera þannig að það sé skautað fram hjá borginni, og bendi ég þar meðal annars á almenningssamgöngur, á meðan milljörðum er jafnvel varið annars staðar og nú er ég ekkert að kalla á neina ósanngirni heldur

Bstj. 3. maí 2011

bara að þetta verði unnið á sanngjarnan hátt og stuðli að því sem að skapar okkur öllum meiri verðmæti. Takk.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Áslaug Friðriksdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er Sóley Tómasdóttir. Ég ætla að minna á það að borgarfulltrúar eigi að ávarpa aðra borgarfulltrúa með fullu nafni, Áslaug.

2. mál Tillaga borgarstjóra að ferðamálastefnu Reykjavíkur sbr. 28. lið fundargerðar borgarráðs frá 28. apríl

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. [Nú jæja það hefur eitthvað bilað hér. Það vill til að ég er há og grönn.] Ferðamálastefna Reykjavíkurborgar er þarft og gott plagg. Hún hefur verið vel unnin. Hún er afurð langs samtals kjörinna fulltrúa og starfsfólks við ferðaþjónustuna og tengda aðila. Stefnan virðist vera mjög heildstæð og eðlilegt framhald af þeim stefnum sem áður voru í gildi. Megin stoðirnar; menningarborg, heilsuborg, ráðstefnuborg og vetrarborg eru vel við hæfi sem og þær áherslur sem koma fram í stefnunni í gegnum velgengis- og lykilþætti. Borgarfulltrúar hafa farið hér yfir stefnuna í ágætu máli, innihald og efni hennar og ég ætla svo sem ekkert að endurtaka það. En mig langar til þess að segja ykkur frá mínum hugleiðingum um það sem þarna er og þarna er ekki eða svona þær áherslur sem að mér finnast mikilvægastar.

Og ef við byrjum á áherslum á börn. Að þá er mjög jákvætt að það er minnst á börn mjög oft í þessari stefnu, en ég hefði þó mjög gjarnan viljað sjá fleiri aðgerðir tengdar börnum og kannski að þær væru þá settar í meiri forgang. Ég veit að það er ýmislegt sem þarf að gera sem leggur grunn að því að við getum farið að byggja hér upp betri þjónustu og eftirsóknarverðari fyrir börn, en ég held að við verðum samt að reyna að tryggja að fleiri spennandi viðfangsefni verði hér fyrir barnafjölskyldur. Ég held að barnafjölskyldum finnist kannski ekkert sérstaklega, kannski sá hópur sem finnst síst spennandi að koma til Reykjavíkur, þó að vissulega komi fólk hingað. En ég held að það sé margt sem að við getum gert þar. Barnamenningarhátíðin er ung og það er mjög mikilvægt að við höldum áfram að efla hana og styrkja og reyna þar með að draga hingað fjölskyldur í tengslum við hana.

Barnamenningarhús er eitthvað sem er langþráður draumur. Það er fjallað um barnamenningarhús í stefnunni, en það er svo sem ekki á forgangslista. Barnamenningarhús hefur verið sko draumur margra í mjög langan tíma. Það eru til samtök um stofnun barnamenningarhúss sem hafa verið misvirk og hafa gefið út mjög flottar skýrslur og byggja vinnu sína á rannsóknum og erlendum fyrirmyndum og hafa komið með tillögur að ýmsu sem hægt er að gera. Það skiptir máli að hér sé hús þar sem að hægt er að skoða verk eftir börn, vinna verk

með börnum og skoða verk fyrir börn. Mér er mjög minnisstætt þegar að salan á Fríkirkjuvegi 11 var samþykkt hér í borgarstjórn, að þá lögðum við Vinstri græn til að þar yrði sett á laggirnar barnamenningarhús og það hefur verið draumur mjög lengi og byggði þá á hugmynd frá Noregi – Barnekunstmuseet held ég að það heiti í Osló, sem að er mjög flott og er einmitt í svona gömlu húsi þar sem að er ofsalega mikið líf og ofsalega mikil sköpun í gangi.

Það eru mörg önnur hús sem að ég sé fyrir mér að barnamenningarhús gæti verið starfrækt í og meðal annars og mig langar til að segja frá þeirri hugmynd hér. Að þá held ég að það gæti komið mjög vel út og skemmtilega og væri hægt að gera án mikils tilkostnaðar að koma upp barnamenningarhúsi hérna í Tjarnargötu 12, í húsinu sem nú hýsir skrifstofur borgarfulltrúa. Þar erum við í mjög nánum tengslum við mikla list og mikla sköpun. Þar er Tjarnarbíó við hliðina. Við erum með turn sem væri hægt að nota á mjög skemmtilegan hátt. Portið inni á bakvið sem áður var hestagerði.

Á jarðhæðinni mætti útfæra hugmynd slökkviliðsins um að hafa gömlu slökkvibílana í gluggunum þar fyrir neðan og þar með tengja listir og sköpun við söguna okkar, af því að þetta var slökkvistöð á sínum tíma. Þarna getum við tengst Hljómskálagarðinum og Hljómskálanum þar sem að mikil tónlistariðkun fer fram af hálfu barna að mestu leyti geri ég ráð fyrir. Við erum með Tjörnina sem er vinsæll áfangastaður fyrir barnafjölskyldur og svona gæti ég lengi haldið áfram. Ég held að þetta hús sé algjörlega „idealt“ á vondri íslensku fyrir svona starfsemi og við borgarfulltrúar ættum nú ekki að eiga í miklum erfið leikum að flytja okkur til í þágu þeirra held ég. Ég held að þetta gæti verið ekki bara skemmtilegt fyrir íslensk börn heldur líka erlend.

Nú, ég velti því aðeins fyrir mér hvað er það þá sem að ég get lagt til að verði gert til þess að það sé meira spennandi fyrir erlend börn að koma hingað eða fjölskyldur með ung börn og datt svo sem ekki margt í hug annað en að mögulega fara í hugmyndavinnu með börnunum í þessari borg. Það væri hægt að fara í hugmyndavinnu með grunnskólanum, með ungmennaráðunum, með leikskólum jafnvel. Hvað er það sem börnin í þessari borg mundu vilja sýna jafnöldrum sínum frá útlöndum. Hvað er það sem er skemmtilegast í Reykjavík. Við fullorðna fólkið erum kannski ekki dómbær á það.

Og ég held að það sé eitthvað sem við getum farið í og menningar- og ferðamálaráð gætu beitt sér fyrir eða jafnvel bara sviðið sem slíkt, Höfuðborgarstofa. Það væri hægt að gera þetta jafnvel í samstarfi við skólahljómsveitir, tónlistarskóla, myndlistarskóla eða eitthvað þessháttar, að fara í einhverja svona hugmyndavinnu og finna út hvað það er sem getur gert borgina eftirsóknarverðari fyrir barnafjölskyldur. Þetta hefði ég viljað sjá og kannski munum við, Vinstri græn, leggja bara fram tillögu um það í menningar- og ferðamálaráði fljótlega. Mögulega getum við gert það í samstarfi allra flokka að fara í einhvers konar hugmyndavinnu í þessa veru.

Tvennt annað vil ég nefna. Annars vegar samstarf við ríkið sem hefur nú verið komið inn á hér út frá hinum ýmsu vinklum. Og þar verð ég nú að segja að ég er nú ekki alveg sammála borgarfulltrúa Áslaugu Friðriksdóttur og hennar máli, enda erum við kannski ekki alveg á sama stað í pólitík. En það er þó þannig, og það kemur vel fram í þessari stefnu, að það er ríkur vilji af hálfu borgarinnar til þess að fara í meira og öflugra samstarf við ríkisvaldið til þess svona að skapa betri aðstæður fyrir ferðamannaþjónustuna, það er mjög vel. Það skiptir máli að við tökum frumkvæði og þessar tillögur lúta að því og það er líka mjög gott.

Ég velti fyrir mér hvort að við ættum mögulega og það er bara hugmynd hér, og kannski gæti sú hugmynd varðað fleiri þætti líka, en ég held að þetta sé kannski ágætis ástæða til þess að byrja á að halda sameiginlega fundi með borgarfulltrúum og þingmönnum Reykjavíkurborgardæmanna tveggja, þar sem að væru bara sameiginlegir hugarflugsfundir um hagsmuni borgarinnar, af því að þeir eru jú kjörnir af borgarbúum rétt eins og við borgarfulltrúar. Þeir eiga að gæta hagsmuna sinna kjördæma, sem að eru tvö í þessari einu borg, og ég held að það gæti bara farið mjög vel á því að við gætum haldið einhvers konar hugarflugsfund með borgarfulltrúum og þingmönnum þessara tveggja kjördæma úr öllum flokkum og farið yfir þetta með hvaða hætti við getum stuðlað að því að Reykjavíkurborg fái sinn sess í ferðamannastefnu ríkisins. Vegna þess að það skiptir náttúrulega máli eins og allir hafa komið hér inn á, að við sem höfuðborg, gáttin að Íslandi og fjölsóttasti ferðamannastaður landsins, sem miðborg Reykjavíkur er að við fáum þá sess í stefnumótun af hálfu ríkisvaldsins. Og ég held að það skipti máli að við tökum bara svolítið frumkvæði. Það er voða vont að vera alltaf einhvern veginn að

kvarta yfir því að ríkið hlusti ekki á okkur eða ríkið geri ekki eitthvað, gerum þetta bara sjálf, tölum við þau. Fáum þau með okkur í lið og gerum það sem þarf að gera.

Að lokum vil ég koma aðeins inn á skipulagsmál, vegna þess að skipulag er í rauninni undirstaða alls, ferðamennsku ekki síður en menntunar eða lýðheilsu eða annarra þátta mannlífsins. Og hvernig skipuleggjum við þá góða ferðamannaborg. Í henni þurfa að vera góðar almenningssamgöngur og það þurfa að vera góðar gönguleiðir, falleg byggð, skjól, græn svæði, leiksvæði og allt mögulegt. Það er spurning hvort að það þurfi að skipuleggja sérstök ferðamannasvæði, það held ég nú reyndar ekki. En ég held að við séum ansi langt komin á veg með að skilgreina ferðamannasvæði sem eru ekkert endilega æskileg. Þá vil ég taka undir með borgarfulltrúa Hönnu Birnu Kristjánsdóttur sem kom inn á það hérna áðan að hótelpuppbygging í borginni er eitthvað sem að ég tel mjög brýnt að við sem borgaryfirvöld mótum okkur einhverja stefnu um og tökum af skarið með.

Auðvitað þurfa ferðamenn að vera einhvers staðar. Þeir þurfa að gista einhvers staðar. Þeir vilja vera miðsvæðis og þeir vilja fjölbreyttan gistikost. Í stefnunni kemur fram að það er ekkert fimm stjörnu hótél í Reykjavík og það er náttúrulega ekki hægt. Við verðum að geta komið til móts við ólíkar þarfir ferðamanna og við verðum að geta tekið á móti öllum þeim straumi sem að vonandi kemur hingað og við verðum að gera það vel. En við verðum samt að tryggja að miðborgin verði ekki að einu hótelsvæði. Við megum ekki gera miðborgina að einhvers konar Benidorm, þar sem að allt er iðandi af mannlífi hérna á einhverjum ákveðnum tímapunktum í tenglum við ráðstefnur eða mögulega einhver tímabil og leggst svo í dvala þess á milli. Við viljum að samspil borgarbúa og ferðamanna sé sem jafnast og sem fjölbreyttast allan ársins hring.

Það er þannig, eins og Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi kom inn á hérna áðan, að nýting gistirýma í miðborginni og í borginni allri er mjög slök og það kemur líka fram í þessari stefnu að það hefur ekki tekist sem skyldi að efla nýtingu gistirýma. Þetta er ekki bara vegna offramboðs á hótelrymi, en það er samt sem áður stór hluti af þessu. Einhverra hluta vegna hafa fjárfestar mikla trú á því að hótelpuppbyggingar séu arðbærar og eitthvað sem að skiptir máli, þannig að umsóknir um hótelpuppbyggingar streyma inn til skipulagsráðs og hafa gert eiginlega

allar götur eftir hrun. Skipulagsráð hefur ekki haft neina stefnu í þessum málum og ekki haft neinar skoðanir á því hvað það er sem að byggist upp, og við höfum í rauninni ekki haft neitt sem að hindrar það að hér rísi hótél við hótél.

Og ég verð að segja að mér finnst mjög mikilvægt að við mótum einhvers konar stefnu í þessum efnunum. Þá vil ég nú taka undir enn einu sinni, með borgarfulltrúanum Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, sem vildi ekki meina að þetta væri forræðishyggja. Það hafa margir talað um það að þetta sé forræðishyggja og jafnvel að þetta geti ýtt undir einhvers konar brask. Að þeir sem að fyrir eru með hótél í miðborginni, ef við ætlum að setja einhvern kvóta á það hversu mörg hótél megi vera á einhverjum stað, að það geti leitt til þess að þeir eigi þá einhverja eign sem sé verðmætari heldur en ella og geti farið að braska eitthvað með það.

En þá vil ég minna á að við gerðum mjög ágætar reglur um það hvaða starfsemi ætti að vera í miðborginni þegar að þróunaráætlun miðborgarinnar var samþykkt. Þar er mjög skýrt ákveðið hlutfall af rýminu, göturýminu, eigi að vera verslun og þar með var komið í veg fyrir að það hlæðust upp bara veitingastaðir eða barir eða kaffihús. Og við gætum gert þetta með einhvers konar sambærilegum hætti. Við gætum til dæmis talað um að í hverju hverfi megi ekki vera hærra en eitthvað ákveðið hlutfall af byggingum með gistirýmum, sem sagt hótélum eða gistihúsum eða fundið einhverjar aðrar leiðir til þess. Ég er alveg viss um að það er til einhver sanngjörn leið og ég held að það skipti máli að við förum í að vinna þetta sem allra fyrst. Ég veit að í skipulagsráði eru þessar áhyggjur mjög miklar og fólk er tilbúið til þess að leggja eitthvað á sig til þess að reyna að tryggja að hér verði bara hótélrymi í samræmi við þörfina sem hefur skapast og mun skapast.

Vegna þess að markaðurinn er sjálfsagt ágætur, en hann er samt áhættusækinn og við getum ekki látið hann stjórna þessu vegna þess að hann getur líka haft svo rosamikil áhrif til langrar framtíðar. Og ef að við ætlum að láta markaðinn og trú fjárfesta ákveða það hvernig við byggjum upp miðborgina og með þeirri hættu að mögulega geti þetta allt saman hrunið, að þá getur það haft áhrif til margra alda. Þannig að ég vonast til þess að við í skipulagsráði munum vinna að einhverjum tillögum í þessum efnunum í samstarfi við menningar- og ferðamálaráð, Höfuðborgarstofu og ferðamálaþjónustuna.

Nú, þetta var það sem að ég vildi fara aðeins yfir. Það var sem sagt þetta með skipulagsmálin með samstarfið við ríkið og svo með áhersluna á börnin. En að lokum verð ég að segja eitt, að það eru ekki bara áherslurnar í þessari stefnu sem að mér finnast vera góðar, heldur gleðst ég líka yfir ákveðnu áhersluleysi. Næturlíf og skemmtanahald eru ekki dregin fram sem markaðsvara og það er gott. Ísland og Reykjavík hafa svo margt annað og meira sjarmerandi en diskótek og djamm sem er dregið fram á ljómandi góðan hátt. Tími markaðssetningar á fallegustu konunum og sterkustu körlunum á fyllirí fram undir morgun er liðinn.

Ferðamálastefnan gerir þetta vel. Hún dregur upp mynd af hraustum og listrænum Reykvíkingum sem bera virðingu fyrir arfleifð sinni og umhverfi. Fyrir það vil ég þakka. Fyrir góða stefnu vil ég þakka. Fyrir góða vinnu og mikið og gott samstarf sem að ég hef þó reyndar og vil taka fram að ég hef ekki átt mikla aðkomu að, ekki vegna þess að mér hafi ekki boðist það, heldur einfaldlega vegna tímaskorts. En ég vil þakka öllum þeim sem að hafa komið að þessari vinnu fyrir frábæra vinnu og góða stefnu. Og ég hef fulla trú á því að hún komi til með að reynast borgarbúum og erlendum ferðamönnum vel. Nú er það okkar borgarfulltrúa, embættismanna, starfsfólks og ferðaþjónustuaðila að vinna saman að því að koma henni í framkvæmd.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Einn borgarfulltrúi hefur óskað eftir að gefa andsvar við ræðu Sóleyjar Tómasdóttur og það er borgarfulltrúi Áslaug Friðriksdóttir.

2. mál Tillaga borgarstjóra að ferðamálastefnu Reykjavíkur sbr. 28. lið fundargerðar borgarráðs frá 28. apríl

Áslaug Friðriksdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég gat nú bara ekki á mér setið, mér finnst gaman að heyra hana Sóleyju tala um barnameninguna og aðgerðirnar hér í ferðamálastefnunni. Mig langaði bara að skjóta því inn að þegar Listahátíð var haldinn hér síðastliðið vor, akkúrat ár síðan, 19.-25. apríl 2010 var hún haldin í fyrsta sinn í Reykjavík og þetta var eitt af stefnumálum Sjálfstæðisflokksins það kjörtímabilið. Og okkur þótti mjög gaman að sjá þetta verða að veruleika, þá var heilmikið rætt við börnin. Þá fór fram alveg ofboðslega mikið starf með menningar- og ferðamálaráði, mennta- og leikskólaráði, og þetta var ofboðslega mikil forvinna sem örugglega á eftir að nýtast okkur. Og mér finnst gott að þú minntist á það, við megum ekki gleyma henni og hafa hana til reiðu og byggja á henni. Mig langaði bara að nefna þetta. Takk.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Áslaug Friðriksdóttir lokið að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

2. mál Tillaga borgarstjóra að ferðamálastefnu Reykjavíkur sbr. 28. lið fundargerðar borgarráðs frá 28. apríl

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Takk fyrir þetta. Það er mjög gott að þessi vinna hefur átt sér stað og það er einmitt að þarna nýtist að vera með menningu og ferðamál á sama sviði. Ef að það hefur verið unnin vinna með börnum á sviði menningar og lista að þá væri hægt að nýta það til þess að markaðssetja borgina áfram. Það er bæði kostur og ókostur að hafa þetta saman. Stundum er eins og við séum að vinna að listum annars vegar og ferðamálum hins vegar. En að sjálfsögðu ef að það er til þarna einhver gögn og einhver vinna að þá eigum við að nýta hana áfram til þess að fá hingað fleiri ferðamenn með þetta að markmiði.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið við að svara andsvari. Næstur á mælendaskrá er hinn sólbrúni borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson.

2. mál Tillaga borgarstjóra að ferðamálastefnu Reykjavíkur sbr. 28. lið fundargerðar borgarráðs frá 28. apríl

Gísli Marteinn Baldursson: Ágæti forseti, kæra borgarstjórn. Ég óska nýkjörnum forseta til hamingju með sitt embætti og sitt kjör í það og óska henni velfarnaðar í því starfi og þakka hlýleg orð í minn garð.

Ég kem nú hérna upp bara til að lýsa ánægju minni með það plagg sem hér liggur fyrir, ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2020. Ég held að það sé ákaflega margt gott í þessari skýrslu eða þessari stefnu sem að ég er búin að lesa hér. Þó svo að það sé örugglega þannig að þetta plagg sé ekki nákvæmlega eins og ég hafi skrifað það eða aðrir hérna inni, þá held ég að þetta sé eitthvað sem að við getum öll verið sátt við og ánægð með. Ég held að það sé kannski mikilvægast að það geti skapast um þetta víðtæk sátt. Og ég held að vinnan sem að unnin hefur verið við að búa þetta plagg til hafi einmitt skilað því að um það geti verið mikil sátt.

Ég kom að þessari vinnu bara sem borgarfulltrúi og hafði af því mjög gaman og ég sé margt hérna í þessu skjali sem að kom fram á þeim fundum sem ég sótti. Og það er gaman að sjá svo faglega og góða vinnu sem við urðum vitni að þar skila sér í þessari góðu stefnu. Ég vil eins og aðrir taka undir þakkir til Sifjar Gunnarsdóttur og Svanhildar Konráðsdóttur sem að hafa stýrt þessari vinnu fyrir hönd okkar borgarfulltrúa.

Og mig langar til þess að nefna nokkra hluti í þessari stefnu sem að ég held að sé ástæða til þess að vekja athygli á. Mér finnst í fyrsta lagi mjög miklar framfarir í þessari stefnu frá síðustu stefnu okkar Reykjavíkurborgar sem var frá 2004-2010 ef að ég man rétt. Þar fannst mér alltaf of mikil áhersla lögð á það að menn drifu sig út úr borginni sem allra fyrst og enn meiri áhersla var á það en fyrr. Hér erum við, finnst mér, að öðlast sjálfstraust til þess að bjóða upp á Reykjavík sem ferðamannastað sem menn koma til og dvelja á og koma og heimsækja Reykjavík borgarinnar vegna, en ekki bara sem anddyri að náttúrunni. Og þetta má sjá mjög víða í skýrslunni og ég er geysilega ánægður með það og ég held að það sé forsenda fyrir því að okkur vaxi ásmegin í þessu. Ég ætla að nefna nokkra hluti.

Á blaðsíðu 14 er til dæmis sagt efst á blaði um það sem að hægt er að kalla samkeppnisforskot fyrir Reykjavík; að Reykjavík sé höfuðborg Íslands. Svo sem hefði verið hægt að segja að Reykjavík er eina borg Íslands, en þetta skiptir máli að við áttum okkur á því að við erum borg og í því felast mikil tækifæri og auðvitað skyldur líka, en það er mikilvægt að þetta sé efst á blaði.

Næst kemur gamall kunningi, nálægð við náttúruna. En þarna fyrir ofan er sú staðreynd að við séum höfuðborgin. Við séum borgin á Íslandi og sífellt fleiri ferðamenn horfa fyrst og fremst til þéttbýlis, þess sem er „urban“, þegar að þeir eru að ferðast þannig að ég held að það sé mikilvægt að við flöggum þessu. Nú á næstu blaðsíðu við, á blaðsíðu 15, kemur ákaflega mikilvægur kafli sem ég ætla með leyfi forseta að lesa upp. Þetta er undir gildum og sá kafli hefst svona:

Þau grunngildi sem ganga eins og rauður þráður í gegnum áherslur og aðgerðir endurspeglar vilja til þess að setja græn gildi eins og heilnæmi, gott loft og vatnsgæði í forgang og tengja meðal annars saman með beinum hætti umhverfis- og ferðamálastefnu Reykjavíkur og horfa til umhverfisþátta sem mælikvarða á þau verkefni sem ráðist er í eða njóta stuðnings Reykjavíkurborgar í ferðamálum.

Þetta er ákaflega mikilvægur lítill kafli sem að er ekki vandalaust að fara eftir fyrir okkur inn í framtíðina, en ég held að það sé mjög mikilvægt að við höldum hérna á lofti. Ég hefði kannski saknað þess að þessi kafli hefði dreift sér meira um skýrsluna, hann gerir það að vissu leyti. En ég held þó að með því að hafa hann hérna efstan á blaði yfir þau grunngildi sem að stefnan byggir á, þá öðlist þessi kafli það vægi sem að honum ber og við hljótum að lesa allt það sem að við ætlum að ráðast í í þessari stefnu með þessum gleraugum sem birtast hér fremst.

Á blaðsíðu 17 er annar mikilvægur kafli sem ég ætla líka með leyfi forseta að fá að lesa upp. Það er í kaflanum um menningarborgina, þar sem að staðan er greind og þar segir, með leyfi forseta:

Miðborgin er þannig helsti menningarkjarni landsins og mikilvægt að vekja athygli á því að á einum stað og í auðveldu göngufæri er hægt að kynnast íslenskri list, fara á tónleika, ganga um gamla miðbæinn, koma við í hönnunarbúðum og borða á bestu veitingahúsum borgarinnar, enda er miðborgin fjölmennasti ferðamannastaður landsins.

Þetta er geysilega mikilvægt og það er reyndar ekki langt síðan að það var vakin athygli á því í fréttum að þessi vinsælasti ferðamannastaður landsins er til dæmis

mjög sjaldan á blaði þegar ríkið er að ræða um það að bæta aðstöðu á ferðamannastöðum. Nú á til dæmis að setja 500-700 milljónir samkvæmt fréttum í það að bæta aðstöðu á ferðamannastöðum og ég hef ekki séð rætt sérstaklega um miðborgina í því sambandi, sem þó er fjölsóttasti ferðamannastaður landsins. Þannig að við þurfum Reykvíkingar að halda þessu mjög á lofti að við berum hér ábyrgð og allan kostnað af fjölsóttasta ferðamannastað landsins, og það kostar mikla peninga að gera það þannig að sómi sé að. Og svo heldur áfram örfáum setningum síðar segir:

Göturýmið í Miðborginni þarf jafnframt að hvetja meira til lifandi mannlífs, hvort sem litið er til tónlistarflutnings, götusölu eða annarrar menningarstarfsemi.

Tilvitnun lýkur. Þetta er ákaflega mikilvægt líka og ber þess vott að sá sem hér heldur á penna átti sig á því að borgarmenning er nokkuð sem ferðamenn sækjast sérstaklega eftir. Hér er talað um göturýmið í miðborginni án þess að farið sé sérstaklega út í smá atriði. Þá auðvitað áttum við okkur á því sem að störfum hér, að við þurfum breiðari gangstéttar, við þurfum bílastæði annað hvort neðan jarðar eða rétt utan við þessi helstu svæði, þar sem að umferð gangandi vegfarenda er einfaldlega orðin það mikil að núverandi göturými er orðið þeim þröngt. Og nú eru í athugun möguleikar á því að gera fleiri götur í Reykjavík að göngugötum, sem er nákvæmlega það sem ég hygg að hér sé verið að ýja að.

Nú, ég held áfram ágæti forseti og á blaðsíðu 19 í sama kafla, þ.e.a.s. í menningarborginni, þar er áfram talað um götumenningu í miðborginni, þetta er sem sagt í markmið og aðgerðir, þar er farið nánar út í þetta. Þar er talað um umhverfis- og byggingargæði sem að skiptir máli. Þar er talað um götumenningu í miðborginni sem verði eflað og styrkt með listrænum uppákomum ásamt góðu skipulagi á götu og torgsölu. Allt ber þetta að sama brunni, þeim sem að ég kom inná hérna áðan.

Nú, næsti kafli sem mig langar til þess að nefna hér er á blaðsíðu 23 og undir ráðstefnuborginni. Í kaflanum um aðgerðir þar kemur fram ákaflega athyglisverð og mikilvæg setning og hún er svona, með leyfi forseta: „Byggðar verði upp vistvænar hraðsamgöngur (hraðlest) milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.“ Þessi setning kannski lætur ekki mikið yfir sér og er þarna bara undir aðgerðum í því hvernig við gerum ráðstefnuborgina meira heillandi og eftirsóttari. En ég held

að þetta sé ákaflega mikilvægt og þetta vísar líka til þess kafla, sem ég las upp áðan um það, að grænar áherslur séu gegnum gangandi í gegnum allt sem við gerum.

Og ég tel að nútíma ferðamenn eigi beinlínis von á því þegar að þeir lenda í borg eins og Reykjavík og nú eru menn farnir að kalla Keflavíkurflugvöll bara Reykjavík, að þegar að þeir lendi þar að þá eigi þeir kost á því að komast til borgarinnar á umhverfissvænan og fljótlegan hátt. Og vel flestar borgir sem við berum okkur saman við bjóða einfaldlega upp á slíkan valkost sem í flestum tilvikum eru þá lestir og ég held að það sé bara tímaspursmál hvenær við förum út í þetta. Hérna er um að ræða þær almenningssamgöngur sem að sennilega yrðu hvað mest notaðar frá fyrsta degi og margfalt arðbærari heldur ýmsar af þeim almenningssamgöngum sem ríkið er að ráðast í úti á landi.

Ég nefni Landeyjahöfn. Ég get nefnt ótal göng í gegnum fjöll úti á landi, sem eru gjörsamlega óarðbær en engu að síður borgað fyrir af ríkinu. Og ég held að þarna séum við með í höndunum verkefni sem að við eigum ekki að bera kostnað af Reykvíkingar heldur eru þetta sjálfsagðar almenningssamgöngur sem að ríkið á að taka þátt í. Þannig að þetta er ákaflega mikilvæg lítil setning sem að þarna kemur fram og ég held að það sé mikilvægt að við sækjum þetta mál mjög fast.

Nú, nokkrum setningum síðar kemur hér punktur um aðgerðir í sama kafla, þar sem segir: „Betri aðstaða fyrir gangandi og hjólandi fái forgang í samgöngustefnu Reykjavíkurborgar.“ Og þetta er endurtekið hér nokkru síðar um það að Reykjavíkurborg hafi í fyrra samþykkt nýja hjólreiðaáætlun – Hjólaborgin Reykjavík. Og það er mjög ánægjulegt að það sé minnst á þessa áætlun í þessari skýrslu og að menn ætli sér að fara eftir þessari áætlun. En ég verð þó að vekja athygli borgarstjórnar á því að við erum þegar aðeins farin að fara af leið, vegna þess að við erum ekki að uppfylla þau markmið sem við höfum sett okkur.

Og ég hef áður vakið athygli þessa meirihluta á því, að menn séu strax farnir að slaka á, gefa eftir, vegna þess að á þessu ári ætlum við að leggja 10 km af hjólastígum sem að við erum ekki að fara að gera, því miður. Og það er vegna

Þess að menn eru ekki nógu kjarkmiklir eða kraftmiklir til þess að setja það í forgang, sama hversu erfið tíðin er. Og ég hefði viljað að við gerðum það. Ég hefði viljað að við settum þessa hjólastíga í forgang. Við erum að verja tugum milljóna í alls konar aðrar vegaf framkvæmdir og við hefðum vel getað sett hjólastíga í forgang, en við völdum að gera það ekki. Og við völdum sömuleiðis að setja ekki almenningssamgöngur í forgang. Og mér finnst það miður og mér finnst það ekki gott og við eigum að gera betur. En það er hins vegar ánægjulegt að þetta skuli vera hér inni og vekur vonir um það að meirihlutinn ætli sér þá að gera bragarbót á þessu strax í næstu fjárhagaáætlun eða strax næsta haust, eins og ég tel mig hafa fengið góð orð um hjá ágætum fulltrúum meirihlutans.

Þetta eru nú, ágæti forseti, þeir punktar sem ég vildi nefna og þótt ég taki svona þessa brýningu hér um hjólastíga og almenningssamgöngur, þá er það vegna þeirra jákvæðu punkta um það í þessari skýrslu sem ég styð heilshugar og er bara að brýna okkur til þess að við stöndum við, bæði það og aðrar áætlanir sem að við höfum samþykkt hér. Og það er mjög jákvætt að sjá hversu mikill samhljómur er í þessari stefnu og þeim stefnum sem við bæði höfum samþykkt hér og ég leyfi mér að segja líka þeirra hugmynda sem uppi eru við aðalskipulag Reykjavíkur sem að stendur yfir núna. Allir þessir þættir verða auðvitað að fléttast mjög vel saman. Og það ber held ég ágætri borgarstjórn vitni að þetta skuli fléttast jafnvel saman og raun ber vitni, þótt að ekki sitji endilega sama fólk í öllum ráðum. Að menn skuli tala saman og það sé ákveðinn samhljómur um hér ákveðin grunngildi. Af því að ég trúi því mjög einlæglega að þetta séu þau gildi sem muni færa okkur fram veginn.

Ég hefði kannski viljað jafnvel enn sterkari áherslu á þessa punkta sem birtast hér, en þetta er mikið framfaraskref og örugglega verður metið framsýnt af þeim sem að lesa þetta. Og ég bara óska öllum þeim sem að unnu að þessari skýrslu til hamingju með hana. Ég held að þetta sé mjög gott plagg sem muni færa okkur inn í framtíðina sem ferðamannaborg og á árinu 2020 þá kannski göngum við enn lengra en getum verið stolt af því sem uppfyllt var vegna þessarar skýrslu hér. Takk.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson lokið orði sínu. Næst tekur til máls borgarstjóri.

Bstj. 3. maí 2011

2. mál Tillaga borgarstjóra að ferðamálastefnu Reykjavíkur sbr. 28. lið fundargerðar borgarráðs frá 28. apríl

Borgarstjóri Jón Gnarr: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil nú bara byrja á því að bjóða nýjan forseta velkominn til starfa og þakka fráfarandi forseta vel unnin störf. Mig langar aðeins til að koma hér inn í þessa skemmtilegu umræðu sem hér er búin að vera og skemmtilegu og framsýnu og uppbyggilegu. Alltaf þegar að ég er staddur í einhverjum borgum í útlöndum að þá hlakka ég alltaf til að koma heim. Ég hlakka alltaf til að koma aftur til Reykjavíkur og það er með miklum feginleik sem að ég kem heim aftur, vegna þess að Reykjavík er svo ólík flestum öðrum borgum að svo mörgu leyti, og kannski þessi tilfinning að draga að sér andann, að soga loftið í gegnum nefið sem að maður reynir að komast hjá víða erlendis. Og það er ekki bara það að ég sé fæddur hér og uppalinn og þekki hvern krók og kima, heldur er það bara þessi hreinleiki Reykjavíkur, að vera í borg en upplifa samt að maður sé einhvern veginn líka í náttúru.

Og núna er íbúatala heimsins að ná 7 milljörðum og mun líklega gera það eitthvað í kringum næstu áramót, sem er stórmerkilegt og fólksfjölgun í heiminum hefur aldrei verið með öðru eins móti eins og núna. Og ef ég man rétt að þá vorum við um 1 milljarður árið 1800. Í framtíðarspám er talið að mannkynið muni ná 9 milljörðum árið 2045. Og það er nú þannig að einn helsti mengunarvaldur heimsins er maðurinn og því tel ég rökrétt að álykta sem svo, að eftirspurn eftir hreinleika og eftirspurn eftir borg eins og Reykjavík muni bara vaxa á næstu árum og áratugum. Og fleiri og fleiri sjái sér hag í því að koma hér og upplifa það að getað verið í borg og geta dregið andann í gegnum nefið.

En Reykjavík hefur að mínum dómi svona, og ég fagna þessari vinnu mjög, vegna þess að markaðssetningin, eins og hefur nú komið fram hér í tali, markaðssetningin á borginni hefur verið frekar svona ómarkviss og skringileg og mörgum Íslendingum og íbúum Reykjavíkur hefur sviðið það svolítið hvernig borgin okkar hefur verið kynnt í útlöndum. Og eins og borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir kom inn á hér áðan að þá gjarnan með áherslu á skemmtanalíf, alkahólisma og beinlínis lauslæti og er það miður. Og ég held að við séum svolítið að súpa seiðið af því í menningarlegum skilningi.

Mig langar að taka hér undir orð Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarfulltrúa um merki Reykjavíkur og hvað það skiptir gríðarlega miklu máli og svona hérna sjálfstæði Reykjavíkur gagnvart til dæmis hinum sveitarfélögunum. Og ég hef sérstaklega til dæmis óskað eftir því við aðila sem að Reykjavíkurborg hefur verið að styrkja með veglegum hætt, að þeir aðilar kynni merki Reykjavíkurborgar og taki það fram að þeirra starfsemi sé rekin með stuðningi frá Reykjavíkurborg, og þar tel ég mjög mikilvægt að merki Reykjavíkurborgar komi fram. Vegna þess að merki Reykjavíkurborgar er vörumerki og ímynd, hvort sem það er borg eða fyrirtæki eða vöruflokkur, skiptir mjög miklu máli og ég tel að ímyndarmál hafi verið mjög vanmetin mál hér á landi og hér í þessari borg. Við eigum fjölda tækifæra eins og hefur komið fram hér í máli manna og borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson nefndi hérna „the Book of Kells“, sem er til sýnis í Trinity College í Dublin og er annar mesti staður sem ferðamenn sækja og þarna tel ég, eins og margir, að við eigum fjölda tækifæra í því að kynna bókmenntasögu okkar og handritin, vegna þess að þau mættu vera aðgengilegri ferðamönnum. Síðan eru það sundlaugarnar við eigum gríðarlega mikil tækifæri þar.

Og síðan í miðbænum og hvernig við hyggjumst við skipuleggja miðbæinn vegna þess að hann er einn helsti viðkomustaður ferðamanna í Reykjavík og þurfum við svona að hugsa það svolítið vandlega, eins og hefur komið fram hér í máli fólks. Að við hugsum og ræðum hvað sjáum við hlutfall hótélbygginga í miðbænum og sjáum við miðbæinn einhvern veginn öðruvísi heldur en hann er. Sjáum við meiri íbúabygðir í miðbænum og minna af skrifstofurýmum. Sjáum við Héraðsdóm kannski fara eitthvað og eitthvað annað koma í staðinn. Viljum við kannski reka eitthvað annað, einhvers annars konar starfsemi í sögufrægu húsi á Skólavörðustíg, heldur en gæsluvarðhaldsfangelsi. Og svona mætti lengi upp telja. Við eigum fjölda, fjölda möguleika.

Já, það hefur verið komið hér aðeins inn á börn og barnamenningu og ég tek heilshugar undir það, eftir að hafa alið upp ógrynni barna hér í þessari borg, að hún mætti vera barnvænlegri og það mætti bjóða upp á fleiri kosti fyrir barnafjölskyldur og margt sem spilar þar inni, bæði náttúrulega val á afþreyingu og síðan líka hlutir eins og umferð sem að skiptir auðvitað alveg gríðarlega miklu máli, þegar að maður er með börn, að það sé ekki þung umferð. Og þarna eru oft

smá atriði sem geta skipt mjög miklu máli, til dæmis bara eins og að girða af útivistarsvæði getur skipt fólki gríðarlega miklu máli sem er með börn.

Svo hefur aðeins verið komið hér inn á ríkisvaldið eða ríkið og samskipti og samstarf við ríkið. Ég hef nú verið í mörg ár talsmaður þess að við finnum aðrar leiðir til að eiga við Ísbirni sem flækjast hingað, heldur en að skjóta þá. Ég hef talað fyrir þessu um nokkurra áraskeið að hér verði komið upp einhverri viðbragðsáætlun sem geti tekist á við þessar komur öðruvísi en með þessum hætti sem gert er. Og ég hef til dæmis talað fyrir því að það verði komið upp einhverri aðstöðu hér í Reykjavík þar sem að hægt væri að vista þessi dýr tímabundið. Að það væri hægt að ná þeim lifandi og flytja þau í aðstöðu sem að ég hef talað fyrir að væri í Húsdýragarðinum og síðan væri hægt að hafa dýrin þar á meðan að þau væru að ná heilsu og flytja þau síðan aftur og sleppa þeim til sinna náttúrulegu heimkynna.

Og ég verð að segja, því miður, að ég hef talað fyrir nokkuð daufum eyrum, bæði borgaryfirvalda og ríkis, en þarna erum við komin með áþreifanlegt mál. Þetta er áþreifanlegt mál sem að snertir afþreyingu og menntun barna og ómæld verðmæti sem fólgin eru í því sem ekki verða mælt í krónum og aukum, og ég tali ekki um áhrif á ferðamannaiðnað og síðan ímynd. Vegna þess að ímynd skiptir máli. Mér finnst það með miklum eindæmum. Núna virðist þessi umræða hafa tekið svolitla beygju þetta varðandi Ísbjörninn. Æ fleiri eru nú byrjaðir að sjá hag í því að finna aðrar leiðir til þess að taka á móti þessum dýrum og það er jafnvel verið að tala um að þetta sé ólöglegt og brot á alþjóðlegum reglum.

Og ég minnst nú þess, ég man nú ekki hvenær það var, en einhvern tímann fyrir mörgum árum að þá rak rostung á strendur, mig minnir að það hafi verið í Hollandi og Evrópubúar tóku miklu ástfóstri við þennan rostung og hann fékk viðurnefnið Valli víðförla og geymdur í einhverjum potti einhvers staðar í Hollandi um tíma á meðan að Evrópubúar söfnuðu liði og ættleiddu hann og kostuðu til heilmiklu fé til að kaupa skip undir Valla víðförla, sem að síðan sigldi með hann eitthvað norður fyrir Ísland og slepti honum þar. Það var sett merki á hann og nokkrum vikum síðar hringdi maður frá Þórshöfn í Náttúrufræðistofnun

Bstj. 3. maí 2011

og sagðist hafa skotið rostung og það hefði verið ól á honum og honum fannst hann bera skylda til þess að koma þessari ól til skila. Þannig að dýraverndunarmál skipta gríðarlega miklu máli í öllum mögulegum skilningi.

En ég fagna því að heyra minnst hér á friðarmál, vegna þess að ég tel að við eigum ógrynni tækifæra á þeim vettvangi og við höfum mikla sérstöðu sem þjóð að vera herlaus. Og núna þegar að ófriður, að manni virðist, fer vaxandi í heiminum að þá eru aukin verðmæti í friði og hér er enginn her og hér gengur lögreglan ekki vopnuð, sem er að verða algjört einsdæmi í heiminum. Þannig að ég fagna því mjög og fagna að sjá vinnu við Ferðamálastefnu Reykjavíkur blómstra. Takk fyrir.

Forseti: Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

2. mál Tillaga borgarstjóra að ferðamálastefnu Reykjavíkur sbr. 28. lið fundargerðar borgarráðs frá 28. apríl

Kjartan Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil í upphafi máls míns óska nýkjörnum forseta borgarstjórnar til hamingju og óska henni velfarnaðar í starfi, einnig 1. og 2. varaforseta.

Hér er til umræðu ferðamálastefna Reykjavíkurborgar, drög að henni og ég vil taka undir með öðrum borgarfulltrúum sem hér hafa mælt á undan mér og sagt margt gott um þessa stefnu. Mér sýnist að þessi stefna sé í stórum dráttum vel heppnuð og það sé áhersla á það að virkja ekki bara stofnanir borgarinnar heldur líka að reyna að stuðla að því að borgin nái enn frekari árangri á þessu sviði í góðri samvinnu við einkaframtakið. Það er auðvitað þannig að eins og aðrar atvinnugreinar, þá er það einkaframtakið fyrst og fremst sem drífur þær áfram.

En eðli málsins samkvæmt þá er auðvitað mjög mikilvægt, en mikilvægara í þessari grein en mörgum öðrum, að þarna vinni einkaframtakið og hið opinbera vel saman. Og Reykjavík hefur ekki látið sitt eftir liggja í þeim eignum og hægt er að benda á marga góða og vel heppnaða viðburði sem Reykjavíkurborg hefur jafnvel átt frumkvæði að og hafa síðan verið útfærðir annaðhvort á vegum borgarinnar eða í góðri samvinnu við fyrirtæki í ferðaþjónustu. Og ég vil sérstaklega taka undir brýningu þá sem að borgarfulltrúarnir Áslaug Friðriksdóttir og Gísli Marteinn Baldursson komu hér með í máli sínu. Þetta samstarf þarf að vera betra, ekki bara á milli borgarinnar og fyrirtækjanna, heldur þarf auðvitað að auka samstarfið og gera það betra á milli stofnanna borgarinnar og ríkisins. Það er ágætt að þess sér víða stað í þessari stefnu vilji til þess að bæta þetta samstarf.

Ég vil líka taka undir það sem kom fram í máli borgarstjóra hér í upphafi umræðunnar, þar sem að það yrði áhersla lögð á það að markaðssetja tónlistarhúsið Hörpuna. Og hann sagði m.a. í sínu máli að það væri nauðsynlegt að stækka markaðinn og koma Reykjavík kröftuglega á kortið sem sterkri ráðstefnuborg. Það þurfi sem sagt að stækka þennan markað. Þetta held ég að verði risastórt viðfangsefni á næstu árum, því að tónlistarhúsið er komið, ég held að það verði opnað á morgun. Og ég vil bara segja það hér í borgarstjórn, sem ég held svo sem að ég hafi sagt áður, að ég hef miklar áhyggjur af því hvernig mun fara með þetta verkefni. Það var því miður illa undirbúið að mörgu leyti og það

hefur verið rætt um það í borgarstjórn hér fyrir nokkrum árum, þá fannst a.m.k. mér það vera komið alltof lítið af stað hvernig væri staðið að markaðssetningu hússins á erlendri grund, einkum ef haft var í huga hvernig önnur og sambærileg hús höfðu verið markaðssett erlendis.

Mér heyrir það að menn hafi lagt mikla áherslu á það á síðustu misserum að bæta þar úr og það berast góðar fregnir af því að það séu að raðast inn bókanirnar sem er auðvitað góðs viti. En ég segi samt eins og er að þetta risastóra verkefni, dýrasta hús á Íslandi og hús sem var auðvitað farið af stað með í algjörrri vitleysu og óskhyggju og rugli á sínum tíma, að ég hef ennþá miklar áhyggjur af því að það muni reynast skattgreiðendum þegar að upp er staðið mjög dýrt og því miður dýrara heldur en fyrirheit voru gefin um, bæði árið 2004 þegar að það var samþykkt hér í sérstakri atkvæðagreiðslu í borgarstjórn að borgin tæki þátt í þessu verkefni, en einnig 2009 þegar það var ákveðið að halda áfram.

Og ég er hræddur um það að ýmis fyrirheit sem þá voru gefin og ýmsar tölur sem þá voru gefnar, en ég vona að þær tölur eigi eftir að standast. En ég verð að segja að miðað við þær fregnir sem hafa komið inn í vetur, þá óttast ég að þetta geti orðið dýrara en þá var lagt upp með. Og ég ætla ekki að fara nákvæmlega út í það núna, það er kannski rétt að það verði gert sérstaklega síðar. En bæði óttast ég að það hafi ekki veið hlustað nægilega mikið á varnaðarorð sérfræðinga úr byggingariðnaði og arkitekta varðandi húsið og þann kostnað sem kann að hljóttast af því varðandi hönnun hússins að þar gæti bæst við kostnaður. Og ekki síður að ég held að rekstraráætlanir hússins að þær hafi verið markaðar óskhyggju að einhverju leyti.

Ég óttast það til dæmis mjög að þrátt fyrir að fyrirheit voru gefin um það árið 2009 að árlegt framlag ríkis og borgar að það mundi dekkja bæði byggingarkostnað og rekstur hússins, þá er ég farin að óttast það að það muni ekki duga til og á einhverjum tímavörðum þá þegar að búið verður að halda opunarhátíð eða eitthvað slíkt, að þá geti komið fram óskir frá aðstandendum hússins um það að það þurfi verulega að bæta í til þess að það sé hægt að reka húsið sómasamlega. Ég get ekki lagt fram nein konkret gögn þessu til sönnunar. Þetta er svona einhver tilfinning sem ég hef eftir að hafa fylgst með umræðunni.

Mér finnst reyndar umræðan á síðustu mánuðum hafa verið með lítt gagnrýnum hætti á húsið og það er mikil áhersla lögð á það að kjörnir fulltrúar eigi að vera jákvæðir gagnvart því. En það er einmitt slík óskhyggja sem við, kjörnir fulltrúar sem höfum verið kjörnir til að gæta almennra hagsmuna í málinu, megum ekki láta blinda okkur og ég vona svo sannarlega að þessi tilfinning mín sé á sandi byggð og að hún reynist röng. En því miður þá benda ýmislegar upplýsingar til þess að þetta verkefni verði okkur miklu þyngra í skauti heldur en við áttum von á á sínum tíma. Og vonandi, þetta hús átti að vera mikil lyftistöng fyrir ferðmannaiðnaðinn hér í borginni, ferðapjónustuna, og við skulum vona að hún verði það. En auðvitað veltir maður því fyrir sér þegar að maður hefur plagg eins og þetta í höndunum, ferðamálastefnu, sem er að mörgu leyti glæsilegt plagg þar sem koma fram margar hugmyndir og sýnir hvað hægt er að gera ef að fjármunir eru fyrir hendi. Þá auðvitað veltir maður því fyrri sér hvílíka geysilega fjármuni er búið binda í þessu verkefni til áratuga meðal annars þá á grundvelli hagsmuna í menningu og ferðapjónustu.

Þannig að mér finnst þetta vera rétt nálgun hjá borgarstjóra sem hann kom með fram í sínu inngangserindi. Mér heyrir það á borgarstjóra að hann geri sér grein fyrir því að þetta sé ekkert auðvelt, þetta sé ekki bara einhver skemmtileg opunarhátíð og svo komi þetta bara af sjálfu sér. Ég held að það verði fókus á þetta verkefni og hvernig hægt verði að reka þetta hús á næstu árum. Ég held að það verði fyrirferðarmikið í allri umræðu hér á næstu árum, kannski fyrirferðarmeira heldur en að við sáum fyrir okkur.

Nú, ég vil líka gera friðarmálin hér að umtalsefni. Borgarstjóri fjallaði um friðarmálin og það er bara ein af góðum hugmyndum sem koma fram í þessu plaggi. Það má vel vera að við eigum að leggja meiri áherslu á friðarmálin í okkar markaðssetningu. Markaðssetningu á Reykjavík og ferðapjónustunni almennt. Ég vil þó segja það að til þess að ná árangri á því sviði, þá hlýtur Reykjavíkurborg að leggja áherslu á þá viðburði sem hafa tengst friðarmálum í Reykjavík og einn af þeim er leiðtogafundurinn 1986. Það liggur fyrir reyndar tillaga á fundinum sem verður fjallað um hér á eftir varðandi hana.

En ég held að það sé kannski réttara að nefna það hér í þessari umræðu, að til þess að hægt sé að gera sem mest úr þeim viðburði og halda minningu hans á lofti að

Þá þarf að minna stöðugt á hann. Þess vegna varð maður hissa að heyra það í síðustu viku að þá hefði borgarstjóri, væntanlega að skipan borgarstjóra, að þá hafi verið tekin niður mynd af Bjarna Benediktssyni, fyrrverandi borgarstjóra og forsætisráðherra sem hékk upp í Höfða. Hékk uppi þegar að leiðtogafundurinn var haldinn á sínum tíma og var hluti af umgjörðinni í kringum leiðtogafundinn og birtist á fréttamynd víða um heim. Ég vona að borgarstjóri sé að hlusta þó að hann sé ekki í salnum. En það hefur svo sem verið rætt um þetta mál áður. En alþjóðlegir sérfræðingar sem ég hef rætt við um ferðaþjónustu og til dæmis leiðtogafundinn, hvernig væri hægt að gera sem mest úr leiðtogafundinum fyrir framtíð ferðaþjónustu á Íslandi.

Þeir hafa ráðlagt okkur í gegnum tíðina og reyndar þeir sem að voru hérna á undan okkur, ég var ekki hér þá, en þeir sem héldu hér á borgarmálum árið 1986 þeir fengu þær ráðleggingar frá alþjóðlegum sérfræðingum, sem eru sérfræðingar í þessum málum, strax að loknum leiðtogafundinum að það gæti verið gífurlega mikils virði til framtíðar að breyta ekki Höfða, að borgaryfirvöld ættu að huga að því að halda húsinu eins og það væri. Nú, ef ekki væri hægt að halda öllu húsinu óbreyttu þá ættu þeir að minnsta kosti að halda herberginu óbreyttu eða í eins upprunalegri mynd og hægt væri. Mér finnst miður að það skuli ekki hafa verið gert og þessi mynd er orðin eins og hálfgert jójó, hún fer inn og út úr Höfða.

En auðvitað ætti það að vera hluti af kannski ferðamálavinnunni hér og ferðamálastefnunni að líta á hvernig hægt er að gera sem mest úr Höfða sem verðmætum á þessu sviði og þá hlýtur það auðvitað að koma til álita hvort að það á að breyta húsinu sífellt eða láta það halda sér eða a.m.k. einu herbergi sem svona sögulegum minjagrip, sem að ég fullyrði að verður a dýrmætari eftir því sem tímar líða.

Í þriðja lagi, þá vil ég koma með ábendingu um eitt sem mér finnst vanta í þessa ferðamálastefnu eða hlutur sem að finnst að sé alls ekki gerð nægilega góð skil og það er hlutur Reykjavíkurborgar eða Faxaflóahafna, og það hlutverk sem höfnin hefur og þeir gífurlegu möguleikar sem höfnin hefur í ferðaþjónustu hér í Reykjavík. Mér sýnist eftir að hafa svona kynnt mér þessa stefnu nokkuð, ég hef að vísu ekki alveg náð að þraut lesa hana, þá sýnist mér vera fjallað um

hafnarsvæðið og Reykjavíkurhöfn í eini málsgrein á blaðsíðu 20. Og svo ég lesi það bara upp, með leyfi forseta:

Í uppbyggingu hafnarsvæðis miðborgarinnar liggja fjölmörg tækifæri sem ber að nýta. Hafsækin ferðaþjónusta er sproti sem hægt er að veita sérstaka athygli og hlúa að. Hún endurspeglar legu landsins og stöðu Reykjavíkur sem hafnarborgar. Má í því sambandi nefna dæmi um vaxandi haftengda ferðaþjónustu sem starfrækt er í gömlu höfninni: Hvalaskoðun, Viðeyjarsiglingar, náttúru- og fuglaskoðun og sjóstangaveiði.

Ég verð að segja það, ég vona að ég verði leiðréttur ef ég hef rangt fyrir mér, ef þetta stendur einhvers staðar annars staðar. Ég hef orðið hissa á að sjá ekki meiri umfjöllun um Reykjavíkurhöfn þarna og til dæmis komur skemmtiferðaskipa til Reykjavíkurhafnar og þann mikla möguleika sem að felast í frekari komum þangað. Það er bara ágætt að segja það hér að, sem er alveg satt, það er nefnilega alveg ótrúlegt hvað það hefur náðst mikill árangur í ferðaþjónustutengdri Reykjavíkurhöfn á síðustu 10-15 árum, það er alveg ótrúlegt. Ég held að þetta að þetta sé eitt best heppnaða verkefnið í ferðaþjónustu á Íslandi og víðar væri leitað.

Í fyrra, árið 2010, þá komu hér um 70 þúsund farþegar með 73 skemmtiferðaskipum til Reykjavíkurhafnar og ég hygg að ég muni það rétt að á 10 árum að þá hefur fjöldi ferðamanna og tekjur af þessum komum, þá hefur hann tvöfaldast. Þetta hefur gerst án þess að Reykjavíkurborg hafi lagt mikla peninga í þetta. Ég gæti trúað að markaðssetning Reykjavíkurhafnar kosti kannski 2-3 milljónir kr. á ári og það hefur þá aldeilis skilað sér. Það er alveg ljóst að það eru miklir möguleikar sem að þarna eru ónýttir og það hafa borgarfulltrúar reyndar fjallað um á síðustu árum.

Og það hafa komið fram tillögur, ég hef meðal annars flutt tillögu í hafnarstjórn á sínum tíma, ég sit nú ekki þar lengur, að kanna hvort að það væri rétt að koma fyrir sérstökum bakka fyrir skemmtiferðaskip við Skúlagötu. Menn töluðu ýmist um að hann gæti heitið Skúlagarður eða Hallveigarbakki. Og það hefur verið fjallað um þetta mál í 10-15 ár. Mig minnir að fyrst hafi verið að tala um þetta mikið í kringum 1995 eða eitthvað svoleiðis og þá voru reyndar færð rök fyrir því að þetta yrði auðvitað dýr framkvæmd og það væru ekki það mörg skemmtiferðaskip þá að það borgaði sig. En eftir því sem skemmtiferðaskipunum fjölgaði þá yrði þetta smá saman arðbær framkvæmd. Af hverju þarna í

miðbænum, spyrja sumir. Af hverju er ekki nóg að skemmtiferðaskipin leggi bara að bryggju inni í Sundahöfn. Og þá er því til að svara að það er mikil samkeppni um skemmtiferðaskip.

Reykjavík er í samkeppni við aðrar borgir hér í Norður-Atlantshafi um komur skemmtiferðaskipa, ekki bara á Atlantshafi heldur bara hringinn í kringum Ísland, því að það eru mörg sveitarfélög sem taka á móti skemmtiferðaskipum og eru í beinni samkeppni við okkur þannig. En það er nefnilega þannig að það er farið að veða meira og meira skemmtileg aðkoma fyrir þessa erlendu ferðamenn, og það er alveg ljóst að skemmtiferðaskip ef að þau geta lagst að bryggju í miðbæ þá er það meiri ánægja í því fólgin fyrir ferðamennina og það er mun líklegra að við fáum fleiri skemmtiferðaskip til landsins með því móti. Ég man eftir því að þegar að ég var í hafnarstjórn á sínum tíma, þá fengum við á þeim tíma mjög sterk skilaboð frá umboðsmönnum erlendra skemmtiferðaskipa að Reykjavík væri mjög skemmtileg borg heim að sækja og skoraði hátt í könnunum, en það sem útgerðir skemmtiferðaskipanna nefndu helst væri það að þeim fyndist óþægilegt fyrir stóru skipin – að fá skipin inn í gömlu höfnina. Að stóru skipin yrðu að leggjast að bryggju inni í Sundahöfn og að það væri ekki skemmtilegt umhverfi. Og það væri síðan vandamál að koma fólkinu niður í bæ og svo framvegis.

Og þeir fullyrtu við okkur á þeim tíma að það væri hægt að fjölga erlendum ferðamönnum og skemmtiferðaskipum verulega í Reykjavík ef að það yrði útbúinn bakki nálægt miðbænum eða við Skúlagötu, þar sem að þau gætu lagst við bryggju. Þetta er auðvitað útreikningsdæmi, ég gæti trúað að svona bakki kosti um milljarð að byggja slíkan garð. En miðað við þá fjölgun sem hér hefur orðið, þá gæti ég trúað að hann mundi borga sig upp á fáum árum og það yrði þá bara að reikna það út.

Og það er ánægjulegt að segja frá því, ég held að samkvæmt nýjustu tölum að þá er reiknað með því að það verði svipaður fjöldi skemmtiferðaskipa eða erlendra ferðamanna frá skemmtiferðaskipum á þessu ári og var í fyrra í kringum 70 þúsund. En á næsta ári 2012 þá stefnir í mikla aukningu og er því spáð að þá muni 100 þúsund gestir koma til Reykjavíkur með skemmtiferðaskipum sem er mikil aukning á milli ára. Og ég verð að segja að ég sakna þess í annars ágætri stefnu, þá sakna ég þess að það skuli ekki fjallað meira um þetta. Mér finnst margt gott í

Þessari stefnu og hér er fjallað ítarlega finnst mér um mörg minni atriði í þessum málum, en mér finnst einhvern veginn að Reykjavíkurhöfn og sá mikli vaxtarsproti sem hún hefur verið síðustu 10-20 ár í ferðapjónustu og getur orðið enn meiri þá finnst mér vanta að hér séu nefndir fleiri möguleikar.

Og ég get nefnt fleiri möguleika varðandi Reykjavíkurhöfn. Það eru náttúrulega kannski skemmtiferðaskipin ber hæst. Það má líka fjalla um fleiri þætti sem hefur kannski ekki verið sinnt sem skildi en hafa í för með sér ýmsa möguleika sem hefur verið gaman að sjá a.m.k. tæpt á í ferðamálastefnu sem þessari. Það er svo markaður með lúxusfley „super yacht“ – lítill markaður sem hefur ekki verið sinnt, en getur gefið af sér góðar tekjur ef vel er á haldið. Að fjölga seglskútum sem koma til Reykjavíkur. Stærri seglskip og svo framvegi og svo framvegis. Og ég nefni það með seglskipin, seglskútur og þessar lúxussnekkjur og allt það. Þetta er ekki mikill markaður en þetta getur gefið af sér tekjur. Og síðast en ekki síst þetta gefur af sér svona skemmtilega, kannski enn skemmtilegri ásýnd fyrir Reykjavíkurhöfn. Það er auðvitað miklu skemmtilegra fyrir fólk að ganga og skoða höfnina þegar að það eru fjölbreytileg skip af öllum stærðum og gerðum í höfninni.

Og svo má líka nefna það, það er hugmynd sem hefur komið upp í borgarstjórn fyrir nokkrum árum að það væri sjálfsagt að líta til þess að skoða möguleika á ferjupjónustu til Reykjavíkur, hvort að það væri möguleiki að ferja gæti siglt frá Evrópu til Reykjavíkur. Gömul hugmynd sem oft hefur skotið upp kollinum og ég held að væri spennandi að skoða með slíkum hætti í ferðamálastefnu sem þessari.

Þetta hefði ég viljað nefna. Eins og ég segi mun ég eins og aðrir að sjálfsögðu samþykkja þessa ferðamálastefnu, enda er margt gott í henni. En ég sakna sérstaklega þessara hluta varðandi Reykjavíkurhöfn og ég lít svo á að þrátt fyrir að maður samþykki þessa stefnu þá sé ekki loku fyrir það skotið að það sé hægt að bæta í hana og vinna að ýmsum góðum hlutum, þrátt fyrir að þeir séu ekki sérstaklega taldir upp í henni. Og ég tel svo sannarlega og hvet borgarfulltrúa til þess því að ég sá að formaður hafnarstjórnar hann var í þessum hópi sem vann að stefnunni og þess vegna hefði ég sérstaklega viljað sjá minnst á þessa hluti betur heldur en þarna var gert. En ég vil hvetja þá formann Faxaflóahafna og aðra borgarfulltrúa sem munu vinna með þess stefnu í framtíðinni til þess að hafa

Bstj. 3. maí 2011

sérstaklega í huga þann mikla vaxtarsprota sem Reykjavíkurböfn er og getur orðið miklu frekar ef rétt er á málunum haldið.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið máli sínu. Og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

2. mál Tillaga borgarstjóra að ferðamálastefnu Reykjavíkur sbr. 28. lið fundargerðar borgarráðs frá 28. apríl

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil byrja á því að óska nýjum og nýkjörnum forseta og varaforsetum til hamingju með tign og virðingu, og velfarnaðar í störfum sínum.

Þetta er búin að vera löng og ítarleg umræða og ég get tekið undir bæði margar ræður, sérstaklega ræðu borgarstjóra og formanns menningar- og ferðamálaráðs, Einars Arnar Benediktssonar, sem fór vel yfir helstu þætti í stefnunni sem að ég tek undir að er vel unnin og ítarleg og byggir á mjög traustum grunni. Hún er um leið mjög metnaðarfull og víða hlutir sem að skipta verulegu máli og munu styrkja borgina sem góðan stað heim að sækja. Það er raunar mjög margt í ferðamálunum að það sem er gott fyrir ferðaþjónustuna, það er nú oftast gott fyrir þá sem borgina byggja líka. Eini hluti eiginlega þessara umræðna sem ég lyfti brúnum yfir var bölmóðurinn sem kom fram í máli borgarfulltrúa Áslaugar Friðriksdóttur, þar sem að hún hafði valið ályktun að eigin vali sem lýsti því að verið væri að murka lífið úr ferðaþjónustunni með markvissum hætti og illum hug og fannst mér þetta svona útúrdúr í annars ágætri umræðu. Því að það þarf ekki að leita lengi upplýsinga um hvernig staðan raunverulega er í ferðaþjónustunni í landinu.

Til dæmis í tilkynningu stærsta fyrirtækisins í íslenskri ferðaþjónustu, Icelandair frá 13. apríl sl. þar sem sem segir; „15-20% fjölgun ferðamanna í sumar með véllum Icelandair gæti orðið stærsta ferðaár sögunnar. 75-100 fleiri ferðamenn 2011 en í fyrra. Gjaldeyrstekjur af ferðamönnum gætu aukist um 30 milljarða kr. á milli ára og aukið flugframboð og öflugt markaðsstarf ástæðan. Þetta var bara eitt fyrirtæki. Það hefði líka verið hægt að nefna miklu frekar en bölmóðinn, að aldrei munu fleiri flugfélög fljúga til Íslands í reglulegu flugi í sumar eða um 13 flugfélög alls. Þannig að ef að Icelandair er að fjölga ferðum sínum þetta mikið að þá mun heildin gera það enn frekar. Enda er það svo að ég held að opinber framlög til markaðssetningar og ferðamála, þrátt fyrir að nú sé kreppa, hafi ekki verið meiri þau eru a.m.k. jafnmikil og þau voru sem viðbrögð, sérstök neyðarviðbrögð, í kjölfar árásanna á tvíburaturnanna 2001 og hafa líklega aldrei verið meiri í sögunni.

Og það er ekkert skrytið. Það er vegna þess að það er sameiginlegt mat stjórnvalda, aðila í ferðaþjónustu og Reykjavíkurborgar, að með samstilltu átaki þá sé hægt að ná mjög góðum árangri. Áhyggjurnar sem að við höfum haft eru nokkrar. Þær eru að þessi aukni straumur ferðamanna geti gengið nærri viðkvæmum ferðamannastöðum og það er alveg rétt sem kom fram í máli borgarfulltrúa Gísla Marteins Baldurssonar, að við þurfum auðvitað að huga þannig að okkar eigin ferðamannastöðum líka. En það hefur líka vantað töluvert á rannsóknir og upplýsingar og beina þekkingu af íslenskri ferðaþjónustu og þróun hennar og úr því þarf að bæta. Og það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að það virðist gleymast eða er of lítil áhersla lögð á mikilvægi Reykjavíkurborgarferða og þess sem að borgin hefur upp á að bjóða fyrir ferðaþjónustu í landinu í heild.

Ferðamenn vita auðvitað af því og sækja borgina heim af miklu kappi en þetta þarf að undirstrika gagnvart öllum sem koma að stefnumótun í ferðaþjónustu og þessi ferðamálastefna er gríðarlega mikilvægt framlag í því. Því að fyrir utan stefnuna sjálfa og og verkefnin sem í henni birtast, að þá endurspeglar hún auðvitað bæði sjálfstraust, fagmennsku og frumkvæði sem að borgin þarf að sýna í þessum mikilvæga málaflokki og þessari gríðarlega mikilvægu atvinnugrein. Ef rétt er á spilum haldið verður hægt að fjölga störfum í ferðaþjónustu á næstu tveimur árum um a.m.k. þúsund. Við eigum að halda þannig á spilunum að þetta verði þegar til lengdar lætur vel launuð og góða störf sem unnin eru af fagmennsku þar sem gæði eru tryggð og öryggi ferðamanna, þannig að upplifunin og vistin öll verði góð.

Megináherslurnar í þessari stefnu um menningarborgina, um ráðstefnuborgina, heilsuborgina og vetraborgina er ekki alls kostar ný, en ég held að þau hafi kannski aldrei verið sett jafn skýrt og markvisst fram eins og í þessari stefnu. Það er mjög nauðsynlegt vegna þess að við stöndum auðvitað að ýmsu leyti á tímamótum. Ekki bara árið 2011, ekki bara eftir hrun og í miðri kreppu, heldur bara í ljósi þess að nákvæmlega á morgun verða fyrstu tónleikarnir haldnir í tónlistarhúsinu Hörpunni. Tónlistarhúsið sem að hefði aldrei risið ef að Reykjavíkurborg hefði árum saman haft mjög skýra sýn, ekki bara á það að Reykjavík gæti haft metnað til þess að hafa tónlistarhús heldur vegna þess að

Reykjavík lagði á það mat að það væri gríðarlega miklir hagsmunir atvinnulegir, efnahagslegir og fjárhagslegir hagsmunir fyrir borgina að hér yrði fullkomin ráðstefnuaðstaða sem mundi draga til sín meðal stórar alþjóðlegar ráðstefnur sem er markaður sem að við höfum ekkert getað sinnt hingað til.

Ástæða þess að Reykjavíkurborg dró vagninn varðandi tónlistar- og ráðstefnuhúsið var nefnilega ferðapjónustu- og ráðstefnuhlutinn. Og ég held að það hafi verið gríðarlega farsælt að húsinu hafi verið valinn staður í miðborginni, þar sem að menningin og ferðapjónustan eiga sameiginlegt heimili.

Það er alveg rétt sem fram kom hjá borgarfulltrúa Kjartani Magnússyni, þó að ég mundi nánast ekki taka undir neitt annað sem að hann sagði um tónlistar- og ráðstefnuhúsið í ræðu sinni, að það hafi lengi verið uppi áhyggjur af bæði beinni markaðssetningu hússins en líka því hvernig haldið er um markaðssetningu á Reykjavík sem ráðstefnuborg og Íslandi sem ráðstefnulandi. Ein mestu tíðindi sem felast kannski í nálguninni sem hér er lagt til og tillögu borgarstjóra að útfærslu einstakra þátta ferðamálastefnunnar er, að þarna erum við að segja skýrt að Reykjavíkurborg ætlar að taka forystu í því að færa markaðssetningu á ráðstefnuborginni Reykjavík upp á allt annað plan, vil ég leyfa mér að segja.

Efla það verulega og tryggja að sú gríðarlega fjárfesting, við erum ekkert að leyna því að hún er gríðarleg, sem bæði opinberir aðilar í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpunni en líka einkaaðilar í margvíslegri aðstöðu til annars funda og sýningarhalds hafa lagt í á undanförunum árum, á að líta sem ekki bara mikla fjárfestingu heldur fyrst og fremst gríðarlega mikið tækifæri fyrir okkur til þess að efla þennan anga ferðapjónustunnar, sem er sá angi hennar sem að gefur hvað mest af sér og er vetrarferðamennska að mjög stórum hluta. Og það er önnur lykiláhersla á vetrarborgina, þ.e.a.s. áhersla á ferðapjónustu, vor, haust og vetur sem við eigum að styðja ekki bara með beinni markaðssetningu í samvinnu við aðra heldur ekki síður í gegnum nýsköpun og þróun á ýmsum hátíðum, á ýmsu sem við er að vera og þar eigum við ekki að gera allt sjálf heldur vinna með öðrum aðilum.

Ferðamálastefna Reykjavíkurborgar undirstrikar nefnilega betur en margt annað sem að við erum að fást við í borgarstjórn, að það eru takmörk fyrir því sem er

skynsamlegt eða yfirhöfuð rétt að Reykjavíkurborg fæst við sem við viljum þrátt fyrir það gjarnan að gerist í borginni. Og það gerir kröfur til okkar að við hugsum skýrt um það hvernig við komum fram sem samstarfsaðili, bæði í markaðssetningu en líka í nýsköpun og vöruþróun. Styðjum við sprotana þar sem þeir eru. Stuðlum að því að frumkvöðlar og fólk með góðar hugmyndir fái tækifæri á því að spreyta sig, jafnvel í einhvern tíma við að þróa ýmsa viðburði eða hátíðir eða jafnvel einhvers konar aðra afþreyingu án þess að við ætlum sjálf að vera að vasast í því sem getur kallast atvinnurekstur í þeim skilningi.

Og stofnun borgarhátíðarsjóðs er einmitt hugmynd af þessu tagi. Þar sem að Reykjavíkurborg gæti farið í samstarf við ráðuneyti og aðra aðila við að velja úr þá sem ýmist hafa sýnt á undanförunum árum að þeir kunni og geti, en líka aðra sem eru með góðar hugmyndir en þurfa svólítinn stuðning til þess að springa út með blóma. Þannig að það sé hægt að ganga að viðkomandi viðburðum sem vísun og markaðssetja þá gagnvart þeim sem eiga lengra að sækja heldur en borgarbúar sjálfir. Og þannig fléttast þetta saman, hugsunina fyrir langtíma skuldbindingu fyrir vöruþróun og nýsköpun, en líka menningarborgin og borgarhátíðarnar okkar sem geta gegnt ennþá stærra hlutverki eins og „Airwaves“ og aðrar hátíðir hafa að ýmsu leyti sýnt.

En þarna eru líka ýmsar aðrar hugmyndir sem geta, eins og Harpan, dregið aðra með sér og skilað okkur geysilega miklu kannski miklu meiru heldur en við höfum ímyndunarafl til þess að átta okkur á núna. Og ég vil þar sérstaklega nefna verkefnið Þríhnúkagíg í því sambandi. Sá hellir er einstakur í heiminum. Þetta er náttúruundur sem verður að umgangast af virðingu sem að Þríhnúkagígur á skilið en um leið sem ákveðið tækifæri ef vel er að staðið þá getur þetta orðið algjör skylduviðkomustaður allra sem að sækja borgina þeim og þannig stuðlað að betri nýtingu hótela og annarra innviða eins og hér hefur komið fram.

Og það er alveg rétt hjá borgarstjóra að handritin, eins og Andri Snær Magnason rithöfundur hefur bent á varðandi konungsbók Eddukvæða gæti orðið okkar „Mona Lisa.“ Við höfum kannski ekki búið þeim þá umgjörð og þá aðstöðu sem að þau eiga skilið og vonandi verður bragabót á því í hinu nýja húsi íslenskra fræða á Háskólasvæðinu. Og þannig mætti lengi telja. Ég held að það sem taki við nú þegar að þessi ferðamálastefna er samþykkt skipti þó ekki minna máli og

raunar gríðarlega miklu máli að í kjölfarið sýni Reykjavíkurborg frumkvæði. Fari í viðræður við ríki og aðila í ferðapjónustu um þessi fjögur lykilverkefni sem fram komu í tillögu borgarstjóra.

Við höfum tekið til hliðar á fjárhagsáætlun 250 milljónir sem í sérstök atvinnumál. Þegar höfum við ráðstafað af því 150 milljónum í sérstök atvinnuátaksverkefni og höfum ekkert gengið þess dulin að við hugsum að minnsta kosti hluta en jafnvel verulegan hluta af því sem eftir er af þeim lið til þeirra verkefna sem hér eru nefnd, þannig að borgin geti stigið með nokkru sjálfstrausti inn í þetta samstarf og kallað eftir fjárframlögum annarra, þannig að hver þáttur um sig verði nægilega burðugur til að ná markmiðum sínum. Því það er ekki nóg að vera með eitthvað sem heitir ráðstefnumiðstöð eða ráðstefnumarkaðsskrifstofu í ráðstefnumálum Reykjavíkur heldur þarf að hafa afl til að fylgja slíkum hugmyndum eftir. Og það sama á auðvitað við um borgarhátíðarsjóð, samstarfsverkefni um beina markaðssetningu eða önnur verkefni sem við förum í.

Við eigum líka að fara í þessar viðræður með býsna opnum huga. Það er ekkert greipt í stein. Og ég hef áður lýst þeirri skoðun að mér finnst ekki út í hött að bregðast með opnum huga og vel við þeim áhuga ferðapjónustuaðila sem vilja koma inn sem einhvers konar áheyrnafulltrúar inn í menningar- og ferðamálaráð. En hugsanlega gæti það samstarf jafnvel átt betur heima í formi einhvers konar markaðsráðs Reykjavíkur, þar sem að fulltrúar úr menningar- og ferðamálaráði á menningar- og ferðamálasviði mundu sitja ásamt fulltrúum úr greininni og jafnvel öðrum sem hafa hagsmuni af því að markaðssetja Reykjavík í svona breiðari skilningi fyrir erlendri fjárfestingu eða öðru. Þetta er eitthvað sem að tekur við núna í umræðunni og útfærslunni og það verður spennandi að heyra hugmyndir sem að okkar ágætu samstarfsaðilar í reykvískri ferðapjónustu, líka ráðuneytunum, sem fara með þessi mál hafa hvað þetta varðar. Og ég held að borgarstjórn eigi að vera býsna opin og fara allar þær leiðir sem við trúum að geti náð hámarksárangri. Því að planið liggur fyrir, metnaðurinn er fyrir hendi og við höfum lagt til hliðar fé til þess að fylgja þessu eftir með raunverulegum framkvæmdum.

Bstj. 3. maí 2011

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir.

2. mál Tillaga borgarstjóra að ferðamálastefnu Reykjavíkur sbr. 28. lið fundargerðar borgarráðs frá 28. apríl

Eva Einarsdóttir: Kæri forseti, kæra borgarstjórn, kæru borgarar. Ég vil byrja á því að óska nýjum forseta, Elsu Hrafnhildi Yeoman til hamingju með nýtt embætti og um leið þakka þeim borgarfulltrúum, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og Sóleyju Tómasdóttur fyrir sín störf. Sú ferðamálastefna sem hér er lögð fram og verður væntanlega samþykkt á eftir er að mínu mati til fyrirmyndar og vil ég bara að því tilefni óska okkur og Reykvíkum til hamingju með þetta. Eins vill ég þakka öllum þeim sem hafa unnið þessa góðu vinnu.

Borgarfulltrúar hafa þegar komið inn á inntak stefnunnar og ætla ég lítið að fara inn á sjálfa stefnuna. Frekar vil ég bara taka undir þau orð sem snúa að samstarfi því stefna sem þessi er samspil fleiri sviða til að vel takist til. Það eru fjölmargir sameiginlegir fletir og þá fyrir hönd ÍTR vill ég m.a. nefna sundlaugarnar okkar, Ylströndina, skíðasvæðin og eins íþróttaviðburði í borginni eins og Reykjavík „International games“ sem fara fram snemma á ári hverju og eins maraþonið í ágúst sem er orðinn stór viðburður. Sé ég mörg önnur tækifæri og hlakka til að eiga samstarf við þá sem hlut eiga. Hér hefur verið talað um barnamenningarhátíð sem mér finnst frábær hátíð. Sjálf fylgdist ég með þeirri góðu hátíð sem þáverandi starfsmaður borgarinnar þegar hún fór fram í fyrra og fannst mér borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir koma með góðar hugmyndir, þá t.d. að nýta húsnæði borgarinnar í þágu barna og finnst mér það alveg eitthvað sem er vert að skoða betur.

Annars aftur að stefnunni sem hér er lögð fram, hún dregur fram þá þætti sem við viljum lyfta upp og standa fyrir samkvæmt þeirri miklu vinnu sem fram hefur farið, þ.e.a.s. að sjá Reykjavík sem menningarborg, heilsuborg, ráðstefnuborg og vetrarborg. Við erum komin langt á veg með sumar áherslur en styttra með aðrar en það er það sem gerir vinnuna framundan svo spennandi.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson.

2. mál Tillaga borgarstjóra að ferðamálastefnu Reykjavíkur sbr. 28. lið fundargerðar borgarráðs frá 28. apríl

Júlíus Vífill Ingvarsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil byrja á því að óska forseta til hamingju með embættið og óska honum velferðar í því, ásamt þeim varaforsetum sem hérna voru kjörnir í dag.

Ég ætla nú bara aðeins að leggja orð í belg varðandi þá stefnu sem við erum að ræða hér núna og þær ágætu tillögur sem að liggja hérna fyrir okkur í dag sem að ég ætla að styðja, enda ganga þær út á að efla samstarf og auka ferðaþjónustu og atvinnulíf hér í borginni. Ég vil þó aðeins fyrst minnast á orð borgarfulltrúans Dags B. Eggertssonar sem að virðist koma af fjöllum þegar að verið er að gagnrýna ríkið fyrir þeirra þátt í því að torvelða vöxt ferðaþjónustu hér í Reykjavík og á landsvísu. Hann talaði með þjósti hér til borgarfulltrúans Áslaugar Friðriksdóttur og af því tilefni prentaði ég bara út hérna í snarhasti til dæmis það sem að sent var frá SAF, bara fyrir örfáum dögum, svona fyrir þremur/fjórum dögum 29. apríl, þar sem að kemur fram, með leyfi forseta:

Samtök ferðaþjónustunnar taka undir áskorun FÍB, Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands á stjórnvöld um að lækka álögur hins opinbera á eldsneyti. Vegagerðin spáir verulegum samdrætti í umferð framundan og er ljóst að það mun koma fram í fækkun ferðamanna úti á landsbyggðinni sérstaklega í þeim byggðum sem langt er að sækja og það vekur furðu að fjármálaráðherra skuli í Morgunblaðinu nýlega telja það skipta litlu máli fyrir fólk og fyrirtæki að lækka eldsneytisverð um nokkrar krónur, eins og hann orðaði það.

Önnur tilkynning kom frá SAF fyrir svona um það bil ári sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

Samtök ferðaþjónustu telja að flugfélögin þurfi að bera 400 milljón kr. kostnaðarhækkunar vegna nýlegra gjaldskrárbreytinga frá hendi samgönguráðherra. SAF gagnrýnir ekki síst að hækkunar taka gildi með svo stuttum fyrirvara að allur kostnaðurinn fellur á fyrirtækin og ekki er hægt að velja kostnaðinum á farþega.

Og síðan er þetta nú mun lengra og meiri og harðari gagnrýni á stjórnvöld heldur en að ég tel ástæðu að lesa upp hér. En ég vil þó benda varaformanni Samfylkingarinnar á að við erum hér að ræða ferðamálastefnu fyrir hönd Reykjavíkur og það getur bara vel verið að hagsmunir Reykjavíkur um eflingu ferðaþjónustu fari ekki með stefnu ríkisstjórnarinnar sem gengur meira út á að hækka skatta á öllum sviðum og hann verður að velja hvorn hann ætlar að styðja,

þ.e.a.s. hvort að hann ætlar að styðja við Reykjavík eða styðja við ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna.

Mér finnst sú ferðamálastefna Reykjavíkurborgar sem að hér liggur fyrir hreinasta afbragð. Mér finnst þetta vel unnið, undirbúningurinn góður og samráðið gott. Þannig að hér kemur flest það fram sem máli skiptir sem vegvísir fyrir Reykjavíkurborg á þeirri vegferð sem hún er á og mjög mikilvægt að þetta liggji fyrir sem okkar stefna til næstu ára, til ársins 2020.

Ég vil þó leyfa mér að taka undir þau orð sem hérna hafa fallið varðandi skemmtiferðaskip. Þeirra þáttur í þessari skýrslu er of lítill og ég bara nefni þetta hér, ekki til að gagnrýna skýrsluna heldur fyrst og fremst sem innlegg inn í þá vinnu sem nú er framundan í þessari vegferð sem fylgir og er framhald af þeirri samþykkt sem við komum til með að samþykkja hér á þessum fundi ef að líkum lætur. Ég vil þá sérstaklega nefna það sem ekki kemur fram í þessari skýrslu, að það er rætt um það að skemmtiferðaskip staldri bara við hér yfir blá nótt. Það er svo sem satt og þó ekki. Það hefur fjölgað verulega þeim skipum sem að dvelja hér tvær nætur, þ.e.a.s. tvo sólarhringa í Reykjavík og þar með er þá annar sólarhringurinn annar dagurinn í Reykjavík en hinn dagurinn er þá á Gullfoss og Geysi eða aðrar ferðir hér í næsta nágrenni.

En við verðum líka að líta á þetta heildrænt fyrir hönd Íslands, fyrir hönd landsins alls, að skemmtiferðaskip sem hingað koma eru ekki að staldra við í Reykjavík og halda síðan áfram ferð sinni eitthvað annað. Þau koma hingað til Reykjavíkur og eru síðan á leið norður fyrir land til Akureyrar, mörg hver með viðkomu á Ísafirði eða yfir á Djúfavogi eða jafnvel í öðrum höfnum eins og Seyðisfirði. Þannig að skemmtiferðaskip og tekjur af skemmtiferðaskipakomum eru miklu meiri heldur en virðist kannski við fyrstu sýn og þar fyrir utan, rétt að vísu sem fram kemur í þessari stefnu, að ráðstefnugestir eru mikilvægir vegna þess að þeir eru yfirleitt gestir sem að eyða miklum peningum. En þó er það sennilega svo að þeir sem koma með skemmtiferðaskipum eyða meiri peningum, skapa meiri gjaldeyri heldur en aðrir ferðamenn sem til landsins koma. Skemmtiferðaskipafarþegar eru yfirleitt um fimmtugt velstætt fólk sem að eyðir peningum þegar að það kemur í land og hvernig sem við viljum orða það, að þá er það nú akkúrat það sem við viljum að þeir ágætu ferðamenn sem hingað koma geri, þ.e.a.s. skilji eftir sig

einhvern gjaldeyri og njóti einhverrar þeirrar þjónustu sem að við getum veitt hér í verslun eða veitingahúsarekstri eða ferðalögum vítt og breitt um landið.

En það er nú svo að alveg eins og fram hefur komið hér og kom fram í máli borgarfulltrúans Kjartans Magnússonar að þá hefur verið til umræðu að viðlegukantur verði gerður fyrir skemmtiferðaskip hér næst tónlistar- og ráðstefnuhúsinu á reit sem margir borgarfulltrúar kannast við og hefur verið kallaður D-reiturinn og er reitur sem er útfrá Skúlagötu eða eiginlega útfrá sjávarútvegshúsinu sem áður var útvarphúsið. Margar leiðir hafa verið skoðaðar í þeim efnum, en það verður þó að segjast eins og er að þetta er mjög áhugaverður kostur ekki síst vegna þess að með þeim breytingum sem að nú er verið að undirbúa og skoða í framhaldi af hugmyndasamkeppni, skipulagssamkeppni um hafnarsvæðið, gömlu höfnina, sem að auðvitað er þá Miðbakkinn líka inni í því, getur valdið því ef farið verður áfram að þeim hugmyndum sem þar liggja fyrir, að skemmtiferðaskip muni eiga torveldara með að leggja í gömlu höfninni.

Það eru ýmsar ástæður sem við getum nefnt í því sambandi, ekki kannski síst sem að ég veit að margir kannast við sem að hér eru inni og fara niður á höfn og ganga þar um að það er auðvitað galli á því að fá skemmtiferðaskip að Miðbakkannum, að með nýjum reglum, Schengenreglum, að þá verða skemmtiferðaskip að vera afgirt með stórum mannheldum girðingum. Það er ekki sú aðkoma sem við viljum að við sem eigum þarna einhverja leið um eða ferðamenn sem að koma úr Miðborginni og eru á leiðinni yfir í hvalskoðunarfyrirtækin, ekki hvalveiðifyrirtækin heldur hvalskoðunarfyrirtækin, að þau gangi meðfram mannheldum girðingum sem að eru þarna samkvæmt þeim alþjóðasamningum sem gerðir hafa verið í tengslum við Schengen.

Þess vegna getur það verið að skemmtiferðaskip séu ekki kannski æskilegasti kosturinn fyrir okkur hér við Miðbakkann alveg niður við höfnina, en það sé eðlilegra og í lagi að þau séu við viðlegukant sem er útvið Skúlagötu. Og ég nefni þetta hér því að það kemur svolítið á óvart að þessi þáttur skuli ekki vera hér í þessari skýrslu. Þetta hefur oft verið til umræðu. Það hafa ýmsir verið að ræða þessa hluti og lagt þá fram til umræðu eða í tillögugerð að fara að gera slíkan viðlegukant. Og það er kannski annað sem kemur kannski fram í þessari skýrslu sem að kemur svolítið á óvart, að Reykjavíkurborg skuli ekki horfa meira til þeirra

fyrirtækja sem hún er meirihluta eigandi í. Vegna þess að það eru mörg tækifæri bæði í tengslum við Faxaflóahafnir og líka í sambandi við Orkuveituna sem að ekki eru hérna inni sem að Reykjavíkurborg gæti sjálf gengið beint í en ekki verið með svona óljósa stefnu til framtíðar um. Og ég skal nefna fleiri dæmi um það.

Varðandi viðlegukant eru fleiri kostir í stöðunni og eitt af því sem rætt hefur verið er það að sú olúbryggja sem gerð hefur verið úti á Granda og hugsanlega verður ekki vinnuhöfn í framtíðinni, ef að olútankarnir sem þar eru fara annað. Og það hefur oft verið skoðað að það geta verið aðrir staðir fyrir olútankana sem eru út í Örfirisey heldur en akkúrat þarna úti á blá tanganum. Þá er kominn ágætis viðlegukantur fyrir skemmtiferðaskip til dæmis og þar með væru þau þá komin nær miðborginni og kannski þá ekki mikið mál þó þau komi inn þarna vegna þess að auðvitað hefur orðið mikil breyting á yfirbragði allrar starfsemi, bæði úti á Granda og við Suðurbugtina. Suðurbugtin er náttúrulega þar sem að gömlu verbúðirnar eru sem að við þekkjum að hafa verið málaðar grænar eða blágrænar um langt skeið. Þarna er yfirbragð byggðar orðið allt annað og mjög skemmtilegur göngutúr frá Örfirisey og niður í miðborgina.

Og úr því að ég er að minnast á þessar gömlu verbúðir að þá vil ég kannski minnast á það sem að er kannski síður eða ekki tekið fyrir í þessari skýrslu, en væntanlega verður tekið fyrir í þeim samstarfshópum sem að við erum hérna að fara að samþykka að öllum líkindum á eftir að koma af stað. Og oft geta leynst tækifæri í ódýrum lausnum, í litlum verkefnum sem að geta orðið mjög skemmtileg og geta orðið mikilvæg. Og ég vil þá nefna akkúrat þessar litlu verbúðir við Suðurbugtina og gömlu verbúðirnar úti á Grandagarða sem að voru eiginlega svona geymslur fyrir netadræsurnar og annað í tengslum við litlar útgerðir, eða bara geymslur svona eins og bílskúrar sem eru í óreiðu til margra ára. Og þegar að ég fór að skoða þetta mál nánar og við í stjórn Faxaflóahafna fórum að fara yfir þetta, þá sáum við að þarna lágu mikil tækifæri, sem að hefur komið á daginn og hefur reynst afskaplega vel. Hefur hleypt lífi á þetta svæði, þannig að gömlu skúrarnir sem voru að mörgu leyti hálf ónýtir eftir svona grófa meðferð til fjölmargra ára enda byggðir upp á árunum 1930, að þeir fengu nýtt líf með uppgerð þeirra sem þarna leigðu og eru núna orðnir aðdráttarafl fyrir þá

ferðamenn sem að eru að leita inn á svæðið og þeim fer fjölgandi á hverju ári sem betur fer.

Ég vildi kannski aðeins nefna annað og það er að það er hvergi í þessari skýrslu minnst á húsvernd. Ég held að húsvernd, uppbygging og varðveisla gamalla hús er algjörlega nauðsynlegt fyrir ferðaþjónustu og við þekkjum það öllsömul þegar að við erum að ferðast um borgir að við erum ekki að labba um í verslunarhverfunum, í nýbyggðum hverfum. Við erum að labba um í sögunni, viljum kynnast sögunni, kynnast sögunni og þróuninni sem orðið hefur í miðborginni, gömlum húsum. Og ég ætla ekki að fara að nefna borgir en það er hægt að nefna fjölda borga og ég held að við þekkjum þetta öllsömul. Þess vegna skiptir húsvernd og það yfirbragð borgarinnar, Miðborgarinnar, sem að húsvernd skiptir gríðarlega miklu máli og þá erum við til dæmis að horfa á þennan litla kjarna hérna á mótum Austurstrætis og Lækjargötu hvernig það hefur byggst upp eftir þann bruna sem að var hérna árið 2006 í stað þess að byggja upp samkvæmt gildandi deiliskipulagi.

Þá var lagt út í ærinn kostnað við að kaupa brunarústir, breyta deiliskipulagi og færa húsinn aftur til fyrri myndar. Og þetta er mikilvægt. Þetta er kannski ekki út frá viðskiptalegu sjónarmiðum skynsamlegt, ég get alveg viðurkennt það, þið getið alveg lagt saman plúsa og mínusa og þið getið farið yfir þessar tölur og þið komist að þeirri niðurstöðu að þetta hafi ekki verið skynsamlegt vegna þess að byggingarnar voru alltof dýrar og að leiguverðið stendur ekki undir þeim kostnaði sem að í þeim fellst. En þetta er engu að síður alveg gríðarlega mikilvægt og þetta er arðbært og þetta tryggir akkúrat hjarta borgarinn og tryggir þetta yfirbragð og þetta umhverfi sem að vitum að ferðamenn og við sjálf sækjumst eftir að hafa í okkar borg. Þetta er mjög mikilvægt og ég vil hvetja þann meirihluta sem að hér situr við völd í borgarstjórn, Besta flokks og Samfylkingar til þess að fara aðeins að hysja upp um sig buxurnar í húsverndarmálum.

Það er enginn sjáanlegur vilji til húsverndar hér í þessari borgarstjórn. Völundarverk hefur verið algjörlega lagt til hliðar, það hefur ekkert verið gert í þeim efnum og það er ekkert sem maður sér sem að bendir til þess að það sé verið að breyta um stefnu eða horfa til húsverndar. Og ég tel það mjög mikið miður. Það er kannski annað líka sem ég sakna að sjá ekki í þessari skýrslu. Og aftur segi

ég þetta ekki af því að ég sé að gagnrýna skýrsluna af því að hún getur ekki tekið á öllu það er alveg ljóst heldur fyrst og fremst er ég að segja þetta vegna þess að vinnan er framundan og þeir sem að koma til með að halda þessari vinnu áfram, þá koma þeir væntanlega til með að fylgjast með því sem að við erum að segja. Að það er ekki horft í þessari skýrslu til landnáms. Það er ekki verið að horfa til sögunnar og ég held að það sé mjög mikilvægt.

Við eigum svo lítið af minjum um okkar upphaf byggðar á Íslandi, þó að við vitum meira um upphaf byggðar á Íslandi en flestar aðrar þjóðir að þá höfum við mjög lítið af minjum og margir túristar sem hingað koma eru að leita akkúrat að þessu. Vegna þess að margir ferðamenn sem hingað koma hafa auðvitað lesið sögurnar og eru betur að sér í þeim heldur en bara margir Íslendingar. Við getum gert ákaflega margt til þess að minna á upphaf byggðar á Íslandi. Ég ætla ekki að fara yfir það, vegna þess að ég held að allir hafi heyrt sumar af þessum hugmyndum. Ég lagði fyrir löngu síðan tillögu um þetta í borgarráði og ég er ennþá þeirrar skoðunar að við getum gert margt og að við ættum að dusta rykið af slíkum tillögum.

Þannig að ég legg þá bara til og segi þetta bara til þeirra sem ætla að fara að vinna þetta áfram, legg til að þau skoði þetta frekar. Ég svona kannski vil þó benda á af því að mér finnst það dálítið broslegt þegar að verið er að tala um ráðstefnuhlutann hérna, að þá eru það helstu aðgerðirnar til þess að auka ráðstefnu hér á Íslandi er að tryggja það að sem festir keyri á rafmagnsbílum og að fólk verði hvatt til gæða- og umhverfisstefnu og byggja hérna einhverjar vistvænar samgöngur, það er gott mál. Vistvænar samgöngur eru gott mál og rafvæðing bílaflotans er gott mál. En ég einhvern veginn skil nú ekki alveg hvað það hefur eitthvað með það að gera að auka ráðstefnur á Íslandi, því miður. Þannig að ég vil svona benda á það að þarna er kannski eitthvað copy-paste farið öðruvísi heldur en að menn ætluðu þegar að þeir voru að setja saman þessa skýrslu. En ég ætla ekki að segja meira um þetta heldur bara óska ykkur til hamingju með þessa vinnu, sem að hófst sem sagt á liðnu kjörtímabili og var haldið áfram, sem betur fer, inn í þetta kjörtímabil. Og ég veit að við viljum öll halda þessari góðu vinnu áfram með þessum hætti að mestu leyti a.m.k.

Bstj. 3. maí 2011

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson lokið máli sínu. Næstur á mælenda skrá er Einar Örn Benediktsson borgarfulltrúi.

2. mál Tillaga borgarstjóra að ferðamálastefnu Reykjavíkur sbr. 28. lið fundargerðar borgarráðs frá 28. apríl

Einar Örn Benediktsson: Forseti, ágæta borgarstjórn, kæru borgarar. Ég ætla aðeins að minnst á að þessi stefna er ekki skýrsla. Og varðandi hafnarsvæðin í Miðborginni að þá fengum við umsögn frá Faxaflóahöfnum og Faxaflóahafnir eru í sínu markaðsstarfi, þannig að við erum að setja upp með þessari stefnu áfram tengingar til þess að vinna með öllum þessum aðilum, sérstaklega Reykjavíkurfyrirtækjunum og síðan er hérna sérstaklega tiltekið að áhersla verði lögð á mikilvæga sögustaði í og við borgina, söfn og sýningar sem miðla sögu og menningararfi, svo sem Landnámssýninguna, Alþingisreitinn, Árbæjarsafn, Þjóðminjasafn, Sjóminjasafn og Viðey. Af þessum hlutum höfum við ekki lögsögu, bara yfir Þjóðminjasafninu. Þannig að það eru margir möguleikar hérna til þess að geta sinnt þessu að halda sögunni vakandi í Reykjavík.

Og varðandi D-reitinn, af því að ég frétti af D-reitnum, þá fylltist ég nú miklum eldmóði og fannst þetta alveg frábært að þarna hefð verið hugsað hugsanlega fyrir bakka fyrir skemmtiferðaskipin og sá fyrir mér mikil mótmæli að skemmtiferðaskipin mundu nú skyggja á Esjuna yfir allt sumarið. En það má nú kannski einhvern veginn finna út úr því að varpa þá bara mynd af Esjunni í staðinn einhvers staðar, þannig að þeir sem að sakna Esjunnar þegar að bakkinn verður kominn, þá bara gleðjast þeir yfir því að Esjan snýr aftur að hausti. Takk.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki óskað eftir því að taka til máls. Og gengið er til kosninga undir þessum lið [forseti hringir bjöllu.] Þá er gengið til atkvæða. Þeir borgarfulltrúar sem ekki eru inni í salnum vinsamlegast komið inn. Þeir borgarfulltrúar sem samþykkja þessa tillögu gefi merki. Hún er samþykkt einróma. Og þá er 3. mál á dagskrá, tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur útivistarsvæða. Þá tekur til máls málshefjandi útitekni Gíslis Marteinn Baldursson borgarfulltrúi.